

Íbúar flýja ófremdarástand

# Martröð við Mávabraut

6. DESEMBER 2019 / 49. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

## SPIKFEITIR STARFSLOKA- SAMNINGAR HINNA SÉRVÖLDU



# DRV

## HEITAR STJÖRNUR Á HÓTEL MÖMMU




# MISSTU BARNIÐ OG FRETU ÞAÐ Í SJONVARPINU

■ Ber framleiðendur Fósturbarna þungum sökum  
■ Barnavernd kærð ■ „Þau notuðu barnið okkar“



# SKURKUR ÁRSINS



BELTI FRÁ  
5.990 KR.



AXLARBÖND FRÁ  
4.990 KR.



## Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Bilasmíðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



## Fleyg orð

„Lífið er annaðhvort mikilfenglegt ævintýri eða hreinlega ekki neitt merkilegt.“

– Helen Keller

## Á þessum degi, 6. desember



1273 – Tómas af Aquino hætti vinnu við höfuðrit sitt um guðfræði, Summa Theologiae, og lauk því aldrei.



1921 – Írland lýsti yfir sjálfstæði frá Bretlandi.



1954 – Flugfreyjufélag Íslands var stofnað



1989 – Síðasti Doctor Who-þátturinn í upphaflegu þáttaröðunum var sendur út á BBC.



1993 – Debetkort voru tekin í notkun á Íslandi.

# Íbúar í leiguíbúðum á vegum Ölmu flýja ófremdarástand

■ Ruslakompur yfirfullar ■ Sameign aldrei þriffin og mikil fíkniefnaneysla

Atli Már Gylfason  
atti@dvis



Fjöldi íbúa við Mávabraut í Reykjanesbæ hefur flúið leiguheimili sín að undanförunu vegna þess sem þau einfaldlega kalla martröð. Hluti íbúa sem leigja í fjölbýlishúsi sem fjöldi Suðurnesjamanna kallar iðnaðarmannablokkina, og er að mestu í eigu leigufélagsins Ölm, sem eitt sinn hét Almenna leigufélagið, og verktaka, segir farir sínar ekki sléttar í viðskiptum við fyrirtækið, aðra íbúa fjölbýlishússins og skeytingarleysi þeirra sem þar fara með meirihluta í húsfélaginu.

Músagangur, yfirfullar ruslatunnur, mikil læti og fíkniefnaneysla varð til þess að fólkið flutti og síðast en ekki síst að enginn virðist taka forystu í húsfélaginu. Þetta hefur leitt til þess að öll sameign, þar með talið stigagangurinn, hefur ekki verið þriffin svo mánuðum skiptir. Þá lekur þak fjölbýlishússins með tilheyrandi rakaskemmdum og myglu.

DV ræddi nokkra íbúa við Mávabraut vegna málsins og voru þeir allir miður sín yfir ástandinu. Ruslakompan væri full af gömlu sorpi og rusl væri einnig fyrir utan hana.

### Ekki börnum bjóðandi

„Við höfum oft reynt að tala við þau leigufélög og þá verktaka sem eiga meirihluta þeirra íbúða sem eru í húsinu. Þar af leiðandi eru þeir með meirihluta á húsfélagsfundum sem þeir mæta annaðhvort seint á eða ekki yfirhöfuð,“ sagði einstóð móðir sem DV ræddi við sem vildi ekki koma fram undir nafni af ótta við að missa sína eigin leiguíbúð.

„Það er ekki mikið leiguframboð á Suðurnesjum og þarf ég þess vegna því miður að sætta mig við það sem ég fæ, en þetta er samt ekki fólki,


fjölskyldum og börnum bjóðandi. Þakið lekur, það er mygla í húsinu, svo ekki sé minnst á þennan ógeðslega óþrifnað í kringum alla blokkina. Þú ættir bara að koma og sjá þetta með eigin augun,“ sagði konan.

### Fíkniefnaneysla og sígarettustubbar

Blaðamaður DV mætti á staðinn ásamt ljósmyndara og við tók ruslafjall fyrir utan fjölbýlishúsið. Lyktin var óbærileg og því hægt að draga þá ályktun að ruslatunnurnar hafi ekki verið tæmdar í nokkrar vikur. Að sama skapi var svokölluð „ruslarenni“, sem gengur frá þriðju hæð og niður í sorpgeymslu, stífluð. Sú ruslarenni er stífluð frá sorpgeymslunni í kjallara og alveg upp á þriðju hæð. Margoft hefur verið bent á þetta og þeir sem eiga flestar íbúðirnar í fjölbýlishúsinu hafa verið beðnir, oftast en einu sinni og oftast en tvisvar, að ganga í þetta mál en íbúar hafa ekki haft erindi sem erfiði.

Blaðamaður DV mætti á staðinn nú á dögunum og ekkert hafði breyst frá því að íbúarnir höfðu samband við DV. Stigagangurinn var skítugur, slitinn og þakinn sígarettustubbum, svo ekki sé minnst á fnykinn sem umlykur fjölbýlishúsið sjálft og má í raun finna á hverri hæð hússins. En fnykurinn er ekki það eina sem fer í taugarnar á fólki heldur er það einnig mikil fíkniefnaneysla á svæðinu með tilheyrandi fylgihlutum á borð við hasspípur úr bæði áldósum og plastflöskum sem hafa verið á við og dreif við fjölbýlishúsið.

DV hafði samband við forsvarsmenn Ölm, sem á þónokkrar íbúðir á svæðinu, en Hersir Aron Ólafsson, lögfræðingur Ölm, benti á að húsfélagið væri í rekstri hjá fyrirtækinu Eignaumsjón. Þar á bæ viðurkenndu menn þó að



fjölbýlishúsið við Mávabraut uppfyllti ekki þeirra ítrustu kröfur um þægindi, „... og höfum við því unnið að því að selja þær örfáu íbúðir sem við eigum þar.“

### Mávabraut uppfyllir ekki kröfur

„Húsfélagið er í rekstri hjá Eignaumsjón. Formaður húsfélagsins heitir Guðjón Vilhelm Sigurðsson, en hann er ótengdur Ölm. Geri ráð fyrir að fyrirspurnir eða umfjöllun um myndir af húsinu ættu því helst að snúa að honum,“ segir Hersir

Aron, en af þeim orðum má leiða líkur að því að sjálft leigufélagið sé búið að fá nóg, að minna kosti samkvæmt lögfræðingi fyrirtækisins.

DV reyndi ítrekað að hafa samband við Guðjón Vilhelm Sigurðsson vegna málsins en hann er, að sögn forsvarsmanna Ölm og Eignaumsjónar, ótengdur þeim fyrirtækjum, en starfar samt sem áður sem formaður húsfélagsins. Hann hafði ekki svarað fyrirspurnum DV þegar blaðið fór í prentun. ■

## 5 gagnlegir hlutir fyrir frostbitna bílrúðu

Nú þegar frostið bitur hverja kinn eru bílrúðurnar rækilega hrímaðar, sérstaklega í morgunsárið. Ekki búa allir svo vel að eiga rúðusköfu en þá má redda sér með ýmsum hætti.



### Debetkort

Er sennilega elsta og besta ráðið enda hlutur sem flestir hafa meðferðist þegar haldið er út í daginn. Ekki eru þó allir svo heppnir að eiga VISA-kort þótt það virki efnlaust jafnvel til verksins.



### Geisladiskahulstur

Þetta ráð er líka gamalt og gott en það einkoráðast auðvitað við þá bíleigendur sem eiga ökutæki í eldri kantinum enda geislaspilarar fyrir löngu orðnir antik í nýrri gerðum bíla. Hér er lyklatríði að diskurinn sé lélegur enda á góð tónlist að ekki gjalda fyrir frostbitnar rúður.



### Vatnsbaðið

Volgt vatn í plastpoka látið liggja á rúðunni. Þetta er ekki fljótlegasta lausnin en hefur það fram yfir hinar að fara vel með bakveika. Varist samt að hafa vatnið of heitt svo rúðan springi ekki.



### Reglustika

Margir fátækir námsmenn mikla fyrir sér kaup á rúðusköfu en hafa í fórum sínum reglustiku sem getur nýst vel á köldum vetrarmorgni. Reglustikan þyrfti þó helst að vera í styttri kantinum svo ekki sé hætta á að hún brotni í öllum hamanganginum.

### Tyggjópakkinn

Í ítrustu neyð hafa tyggjópakkar í yfirstærð komið að gagni þótt erfitt sé að segja þá margnota. Tópaspakki gæti eflaust nýst til sömu iðju þótt hann, rétt eins og tyggjópakkin, eigi á hattu að mýkjast upp í miðjum leik.



Rúbín



# JÓLA KAFFI

## Fín malað og kaffibaunir

Jólin eru tíminn til að leyfa sér það besta, Rúbín jólakaffið er sannkallaður munaður og hreinn unaður að njóta.

Jóla kaffi á sér langa sögu, eða allt frá árinu 1955. Kaffið hefur verið framleitt fyrir hver jól í takmörkuðu magni við miklar vinsældir.

Útlit á umbúðunum er nánast óbreytt frá fyrstu tíð og fangar jólaandann.

**KAFFIBRENSLAN AKUREYRI**



## Hver er hann?



■ Hann er fæddur í Reykjavík 1. september 1960.

■ Hann sótti framhaldsnám í Mennta-skólanum við Hamrahlíd.

■ Hann útskrifaðist með embættispróf í lögfræði frá HÍ 1986.

■ Eiginkona hans er landsréttardómari og forseti Félagsdóms.

■ Hann var formaður Lögmannafélags Íslands 2010–2012.

SVAR: BRUNNAR NIELSSON

## Það er staðreynd að...



Það eru allt að 31.556.926 sekúndur í einu ári.



Fingurneglnar vaxa hraðar þegar þér er kalt.



Naggrísir og kanínur svitna ekki.



Ef þú hræðist þegar önd horfir á þig, þá ertu með fóbiu sem nefnist Anatidae-phobia.



Stysta stríð milli tveggja landa sem vitað er um var háð á milli breska heimsveldisins og eyjunnar Zanzibar. Það stóð yfir í tæpar fjórtíu mínútur.

# Minnst 700 milljóna sala á rafrettum 2018

■ **Ætla má að heildarsala hafi farið yfir milljarð** ■ **Lög sett um rafrettur á árinu** ■ **Mikil sala en mismikill hagnaður fyrirtækja**

Erla Dóra  
erladora@dv.is



Rafrettur hafa notið sívaxandi vinsælda á Íslandi síðustu ár þótt deilt sé um heilsufarslegt ágæti þeirra. Mörg fyrirtæki hafa stokkið á þennan vinsældavagn og sérhæft sig í sölu á rafrettum og rafrettutengdum vörum. Alþingi samþykkti í júní síðastliðnum lög um rafrettur og áfyllingar á rafrettur. Áður var engum reglum fyrir að fara um sölu slíks varnings sem núna þarf að lúta reglum áþekktum þeim er gilda um tóbak. Umdeildari ákvæði laganna kveða á um hámarksstyrk á vökvum og heimild til ráðherra til að takmarka markaðssetningu á bragðefnum sem kynnu að höfða til barna. Í ljósi þessa ákvað DV að lúta á fyrri rekstrarár vape-verslana og sjá hvernig salan og reksturinn hefur gengið.

### Fairvape ehf

Rekstrartekjur Fairvape ehf. voru 187,4 milljónir á árinu 2018 og 136,6 árið á undan. Þó svo að heildarhagnaður fyrirtækisins fyrir árið 2018 hafi ekki verið mikill þá var greinilega mikill vöxtur. Bæði jukust rekstrartekjur og stöðugildum fjölgaði. Einnig hafði launakostnaður tvöfaldast á milli árána 2017 og 2018, en föstum stöðugildum fjölgaði aðeins úr 14 í 17. Fairvape ehf. rekur í dag fjórar verslanir; tvær í Reykjavík, eina í Hafnarfirði og eina á Selfossi.

### Gryfjan

Gryfjan var ein fyrsta verslunin þar sem hægt var að kaupa rafrettur. Rekstrartekjur á árinu 2018 voru 113,8 milljónir en voru 188,3 árið á undan. Heildarhagnaður fyrir 2018 var 21,6 milljónir en var 35 milljónir árið á undan. Fyrirtækið er í eigu mæðgnanna Ernu



Margrétar Ottósdóttur og Hafðísar Þorleifsdóttur. Samkvæmt ársreikningi er lagt fram að 12 milljónir verði greiddar í arð. Gryfjan ehf. rekur í dag þrjár verslanir; í miðbænum, Skeifunni og í Vestmannaeyjum.

### Póló

Þegar söluturninn Póló við Bústaðaveg hóf að selja rafrettur og tengdar vörur varð ekki aftur snúið og má segja að rafrettusalan hafi nánast tekið yfir alla aðra starfsemi söluturnsins. Rekstrartekjur voru 177,9 milljónir árið 2018 en 16,5 milljónir á árinu 2017, en einkahlutafélagið Pólóborg ehf. var stofnað á því ári. Fyrirtækið rekur nú verslanir í Kópavogi, Reykjavík og Hafnarfirði.

### Djárninn ehf

Djárninn ehf. hefur sérhæft sig í landsbyggðinni frekar en í höfuðborginni þó svo að fyrirtækið reki eina verslun í Reykjavík í dag. Rekstrartekjur Djárnans árið 2018 voru 107,3 milljónir, en voru 113,4 árið á undan. Rekstrargjöld voru þónokkuð há á síðasta ári og því var tap á rekstrinum sem nam 1,3 milljónum, en árið áður hafði verið ríflega 11 milljóna króna hagnaður af rekstrinum. Djárninn ehf. rekur nú verslanir í Reykjavík, Akureyri, Reyðarfirði og Sauðárkróki.

### Skýjaborgir ehf

Skýjaborgir ehf. hóf starfsemi sína síðla árs árið 2017. Rekstrartekjur fyrirtækisins á síðasta ári námu 27 milljónum en tap var á rekstrinum yfir árið upp á 691 þúsund krónur. Á árinu 2018 var aðeins eitt stöðugildi hjá fyrirtækinu en núna eru komnar tvær verslanir, önnur við Suðurlandsbraut en hin á Höfðabakka, svo þrátt fyrir tap á síðasta ári virðist þetta nýstofnaða fyrirtæki hafa komið sér vel fyrir á íslenskum vape-markaði.

### Icevape ehf

Rekstrartekjur árið 2018 námu 84,2 milljónum en voru 75,4 árið á undan. Ársuppgjör var jákvætt og skilaði hagnaði upp á 1,8 milljónir. Icevape rekur netverslun og verslun á Akureyri. Reksturinn hófst á árinu 2015 og hefur verið í stöðugum vexti síðan þá.

### Rafrettur vinsælar

Af framangreindum upplýsingum má sjá að Íslendingar keyptu rafrettur og/eða tengdan búnað fyrir tæpar 700 milljónir króna á árinu 2018, bara við framangreindar verslanir. En það eru fleiri fyrirtæki sem selja rafrettur og svo er líka einhverjir Íslendingar sem panta að utan. Því má áætla að Íslendingar hafi keypt rafrettur og/eða tengdan búnað fyrir um milljarð á síðasta ári. ■

## Svarthöfði fetar fótspor Haraldar

### Svarthöfði

Svarthöfði tilkynnir hér með að hann muni sækjast eftir embætti ríkislögreglustjóra þegar það verður auglýst. Núverandi ríkislögreglustjóri, Haraldur Johannessen, stígur til hliðar um áramótin, í kjölfar harðrar gagnrýni og vantraustsyfirlýsinga. Haraldur var þó ekki gert að vika, heldur fékk hann að biðjast undan embættinu að eigin frumkvæði.

Of nú er komið að Svarthöfða að taka við embættinu. Enda þyrfti Svarthöfði að vera vitfirtur að sækjast ekki eftir því. Kósi innvinnu á góðum kjörum og ekki nóg með það, sei, sei, nei. Svarthöfði ætlar að fylgja fast í fótspor Haraldar, nema kannski gera það aðeins hraðar en hann. Verða fljótt með umdeildari embættismönnum landsins, hótta þeim lífláti sem vita ekki hver Svarthöfði er, ráða bara

skemmtilega samstarfsfélaga sem Svarthöfða líkar við, hunsu stjórnsýslulögin þegar þau henta ekki, sinna skyldustörfum með þeim hætti að allir vantreysti og tortryggi hann, bregðast brotapolum kynferðisbrota, leigja öðrum löggum bíla á uppsprengdu verði og skamma svo fólk fyrir að vega að heiðri Svarthöfða á opinberu bréfsfni embættisins.

Að þessu loknu gerir Svarthöfði að sjálfsgöðu ráð fyrir sömu starfslokakjörum og Haraldur. Svarthöfði fær að segja af sér sjálfur, fær rausnarlegan starfslokasamning (40 m.kr. JÁ TAKKI) fær svo uppskáladaða ráðgjafastöðu við hægri hönd dómsmálaráðherra þar sem Svarthöfði fær svo að skipta sér af því hvernig löggæslumálum verði hagað framvegis. Og það besta er að nýja uppskáladaða staðan gerir enga kröfu um mætingu. Þetta er sannkallað draumastarf, þar sem maður fær tugi milljóna fyrir að



standa sig illa í starfi. Þetta er tækifæri sem ekki mun bjóðast oft. Svarthöfði lofar að vera allveg jafn slæmur ríkislögreglustjóri og Haraldur, svo lengi sem Svarthöfði fái sömu umbun fyrir illa unnin störf. Síðan má ekki gleyma því að Haraldur er korter í eftirlaun og að sjálfsgöðu eru eftirlaunakjör hans nánast eins góð og þau gerast. Haraldur er reyndar snillingur í að fá

uppskáladaðar stöður. Hann var einn af fyrstu starfsmönnum hjá þá nýstofnuðu embætti ríkislögmans, svo var búin til fyrir hann staða fangelsismálastjóra, svo búin til ný staða varalögreglustjóra, síðan staða ríkislögreglustjóra og nú verður hann sérstakur ráðgjafi dómsmálaráðherra. Hvernig fer hann að þessu? ■



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# Gefðu upplifun og ævintýri



Gjafakort í Þjóðleikhúsið hentar öllum  
enda ávísun á upplifun og ævintýri.  
Úrval sýninga til að velja úr á hverju ári  
með gjafakorti sem rennur aldrei út.

Þú kaupir gjafakortið á [leikhusid.is](http://leikhusid.is)  
eða í síma 551 1200

*Þjóðleikhúsið, leikhúsið þitt*

Hverfisgata 19 • 101 Reykjavík • s. 551 1200 • [leikhusid.is](http://leikhusid.is)

# Allt að 87% verðmunur á lausasöluþlyfjum

■ DV kannaði verð á 13 lyfjum ■ Ódýrust í Costco ■ Oftast dýrust í Lyfjum og heilsu

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
ljilja@dv.is



Lausasöluþlyf eru dýrust í Lyfjum og heilsu samkvæmt nýrri verðkönnun DV á þrettán algengum lausasöluþlyfjum. Ellefu af þeim þrettán sem DV kannaði voru dýrust í Lyfjum og heilsu. Öll þrettán lyfin voru ódýrust í vöruhúsinu Costco. Vert er að taka fram að viðskiptavinir Costco þurfa að greiða ársjald í versluninni til að geta verslað þar.

Verðkönnun DV var framkvæmd þann 23. nóvember síðastliðinn og voru heim-sóttar fimm stórar keðjur sem selja lyf; Costco, Lyf og heilsa, Lyfjaval, Lyfjaver og Lyfja. um 35% verðmunur er á körfu sem inniheldur öll þrettán lausasöluþlyfin. Ódýrasta karfan var á rúmlega 25 þúsund krónur í Costco, sú dýrasta á tæplega 34 þúsund krónur í Lyfjum og heilsu.

## Mestur munur á Panodil Hot

Mestur verðmunur var á verkjastillandi og hitalækkandi lyfinu Panodil Hot. Það er



87% ódýrara í Costco en í apótekinu þar sem það er dýrast, Lyfjum og heilsu. Í Costco kosta tíu skammtar, eða 500 milligrömm, tæplega 850 krónur en í Lyfjum og heilsu er sama magn á 1.588 krónur.

Ofnæmislyfið Loritin er dýrast í Lyfjaval. Þar eru hundrað 10 milligramma töflur á 2.690 krónur. Í Costco, þar sem verðið er lægst er sama magn á 1.484 krónur. Það jafngildir 81% verðmun á hæsta og lægsta verði. Loritin var eina lyfið af þessum þrettán sem var dýrast í Lyfjaval.

Kvefilyfið Strepsils með hunangi og

sítrónu var dýrast í Lyfju á 2.199 krónur, einni krónu dýrara en í Lyfjum og heilsu. Sama lyf kostaði 1.600 krónur í Costco, var um 37% ódýrara. Einnig var talsverður verðmunur á slímlosandi lyfinu Otrivin Menthol. Það kostaði 1.218 krónur í Lyfjum og heilsu en 868 krónur í Costco. Það er 40% verðmunur.

## Nikótínlyf ódýrust í Costco

Ef litið er til nikótínlyfja er Costco með hagstæðasta verðið. Þar kosta 204 stykki af 2 milligramma Nicotinell Fruit rúmlega 3.500 krónur, en tæplega 4.700 krónur í Lyfjum og heilsu. Tveir úðaskammtar af Nicorette QuickMist eru einnig ódýrastir í Costco á tæplega 6.800 krónur. Sama magn er á tæplega 8.600 krónur í Lyfjum og heilsu.

Þá var 31–36% verðmunur á algengu verkjalyfjunum Treo, Paratabs og Íbúfen. Sextíu stykki af Treo voru á rúmlega 1.700 krónur í Costco en rúmar 2.300 krónur í Lyfjum og heilsu. Paratabs, þrjátíu stykki af 500 milligramma töflum, var ódýrast í Costco á 380 krónur en dýrast á 498 krónur í Lyfjum og heilsu. Þá var Íbúfen, fimmtíu stykki af 400 milligramma töflum, á rúmar 700 krónur í Costco en tæpar þúsund krónur í Lyfjum og heilsu.

Heildarniðurstöður verðkönnunar DV má sjá hér fyrir neðan:

|                 | Tegund lyfs                             | Costco        | Lyfjaver      | Lyfja         | Lyfjaval      | Lyf&heilsa    | Mismunur hæsta og lægsta verð |
|-----------------|---|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|-------------------------------|
| Nikótínlyf      | Nicotinell Fruit 2mg 204 stk            | 3.564         | 3.989         | 4.549         | 4.524         | 4.698         | 32%                           |
| Magalyf         | Omeprazol Actavis 20mg 28 stk           | 1.518         | 1.649         | 1.879         | 1.852         | 1.998         | 32%                           |
| Slímlosandi     | Otrivin Menthol                         | 868           | 1.063         | 1.089         | 970           | 1.218         | 40%                           |
| Verkjalyf       | Voltaren Gel 150ml                      | 3.149         | 3.821         | 3.762         | 3.824         | 4.298         | 36%                           |
| Verkjalyf       | Paratabs 500mg 30 stk                   | 380           | 453           | 471           | 464           | 498           | 31%                           |
| Kvefilyf        | Strepsils hunang og sítrónu 36 stk      | 1.600         | 1.797         | 2.199         | 1.952         | 2.198         | 37%                           |
| Verkjalyf       | Treo 60 stk                             | 1.713         | 1.967         | 2.166         | 2.089         | 2.318         | 35%                           |
| Verkjalyf       | Íbúfen 400mg 50 stk                     | 712           | 769           | 862           | 798           | 968           | 36%                           |
| Frunsulyf       | Valablis 500mg 10 stk                   | 1.520         | 1.995         | 1.814         | 1.855         | 2.098         | 38%                           |
| Verkjastillandi | Panodil Hot                             | 848           | 995           | 1.348         | 1.034         | 1.588         | 87%                           |
| Ofnæmislyf      | Loritin 10mg 100 stk                    | 1.484         | 1.751         | 1.876         | 2.690         | 1.998         | 81%                           |
| Hægðalyf        | Imodium 2mg 16 stk                      | 998           | 1.227         | 1.370         | 1.216         | 1.428         | 43%                           |
| Nikótínlyf      | Nicorette QuickMist 2 x 150 úðaskammtar | 6.759         | 7.362         | 8.349         | 8.574         | 8.598         | 27%                           |
|                 |   | <b>25.113</b> | <b>28.820</b> | <b>31.698</b> | <b>31.846</b> | <b>33.904</b> |                               |
|                 | Verðsamanburður                         |               | 15%           | 26%           | 27%           | 35%           |                               |



Rekstrarumsjón

## LÁTIÐ OKKUR UM REKSTUR HÚSFÉLAGSINS

Við sérhæfum okkur í umsjón með rekstri húsfélaga og bjóðum trausta og faglega þjónustu á góðu verði

Hafðu samband og fáðu tilboð strax í dag!

# TIL HAMINGJU!

## STAÐA PUNDSINS SJÁLFSÆVISAGA – EN EKKI MÍN EIGIN EFTIR BRAGA ÓLAFSSON



Eiríkur Örn Norðdahl, *Fjallabaksleiðin*

„Mjög myndinn höfundur en í þessari bók er mikill tregi.“

Kolbrún Bergþórsdóttir, *Kiljunni*

„... myndin en harmrænn undirtónn. Gott að hvíla í textanum. Þetta er svo vel skrifað ... er að skrifa alvöru skáldskap.“

Sverrir Norland, *Kiljunni*

„Síðasti kafllinn gerði mig ansi tregafullan.“

Egill Helgason, *Kiljunni*



„Meistari hins óræða og tvístígandi hiks ... ein af bestu skáldsögum Braga. Hún er vel stíluð, forvitnileg og heldur betur bráðskemmtileg.“

Einar Falur Ingólfsson, *Morgunblaðinu*

„Bækurnar hans eru svo yfirtengilega skemmtilegar og snerta mann á köflum djúpt ... [tekst] að fanga kjarna tilverunnar á launfyndinn og harmrænan hátt.“


Marianna Clara Lúthersdóttir, *Vísja, Rás 1*

„Vel skrifuð og tregablandin saga sem hreyfir við lesandanum.“

Brynhildur Björnsdóttir, *Fréttablaðinu*

ÍSLENSKU  
BÓKMENNTA  
VERÐLAUNIN

Filnefning



7. SÆTI  
BÓKSÖLULISTINN  
ÍSLENSK  
SKÁLDVERK

GUÐRÚN  
EVA

AÐFERÐIR  
SKÁLDSAGA

TIL AÐ  
LIFA AT

MÍN ERVU  
ÓTTIR

FRÁBÆR HÖFUNDUR  
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

7.

Metsölulisti  
Eymundsson  
Innbundin  
skáldverk



## AÐFERÐIR TIL AÐ LIFA AF EFTIR GUÐRÚNU EVU MÍN ERVUDÓTTUR



„Það skrifar enginn eins og Guðrún Eva Mínervudóttir. ... Falleg og áleitn saga um fólk í öllum sínum einfalda og flókna veruleika.“

Brynhildur Björnsdóttir, *Fréttablaðinu*

„Snerti mig svo djúpt ... Gríðarlega vel skrifuð og persónusköpunin mjög eftirminnileg. ... Uppáhaldsbókin mín eftir hana.“

Kolbrún Bergþórsdóttir, *Kiljunni*



„Vellíðan fylgir því að lesa þessa sögu um mýktina í hörðum heimi. Ég mæli með því að hún sé lesin hægt og hveirar setningar á þessum 166 blaðsíðum sé notið til hins ítrasta.“

Ágúst Borgþór Sverrisson, *DV*

„Það sker mann hvað [dregurinn] er umkomulaus.“

Egill Helgason, *Kiljunni*

„Fullt af þungum og stórum hlutum sem Guðrún Eva skrifar um af ótrúlega næmum léttleika.“

Þorgeir Tryggvason, *Kiljunni*

ÍSLENSKU  
BÓKMENNTA  
VERÐLAUNIN

Filnefning

FYRSTA PRENTUN UPPSELD  
ÖNNUR PRENTUN KOMIN Í VERSLANIR  
ÞRIÐJA PRENTUN VÆNTANLEG!



Suðurlandsbraut 14  
2. hæð

FRÉTTASKOT  
512 7070  
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frijáls fjölmíðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson  
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
Prentun: Torg prentfélag Dreifing: Póstdreifing

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000  
Auglýsingar: 512 7050  
Ritstjórn: 512 7010

## Sandkorn



### Jæja RÚV, hvað er að fréttá?

Ríkisútvarpið, ríkisrekinn fjölmiðill okkar allra, hefur verið kærður til úrskurðarnefndar um upplýsingamál því menn þar á bæ ætla ekki að greina frá því hvaða einstaklingar sækja um stöðu útvarpsstjóra. Gott og vel. Fyrir þessari ákvörðun hljótum við sem Íslendingar að trúa því að góð og gild rök liggja að baki. Eða hvað? Ástæðan er sem sagt sú að með þessu vilja þeir laða að betri umsækjendur. Því eins og allir vita þá eru það allra bestu umsækjendurnir sem ekki vilja gangast við umsókn sinni opinberlega þótt þeir séu að sækja um hjá opinberu hlutafélagi í ríkiseigu. Auk þess hefur RÚV bent á að Capacent, sem sér um ráðninguna, hafi ráðlagt það. Leyndarhyggja strax við ráðningu. Þetta verður líklega vel valinn og farsæll útvarpsstjóri. Ekki að við getum tekið afstöðu til þess, enda fáum við ekki að vita hvort hann eða hún var hæfasti umsækjandinn. En það þekktist vart í íslensku þjóðfélagi að menn séu ráðnir án þess að vera hæfastir. Nei, það hefur aldrei gerst.



### Prot hjá múm-liðum

Félagið Krakkalakkur ehf. hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta og verður skiptafundur haldinn í mars á næsta ári. Eigendur félagsins eru þeir Gunnar Örn Tynes og Örvar Smáráson. Eiga þeir helmingshlut í félaginu hvor um sig en þeir eru hvað þekktastir fyrir að slá í gegn með hljómsveitinni Múm sem þeir stofnuðu árið 1997. Hljómsveitin er enn starfandi og hefur notið gífurlegrar hylli um allan heim. Félagið Krakkalakkur ehf. sá til að mynda um útgáfu krakkatímarisins Krakkalakkur, en ritstjóri þess var Guðbjörg Gissurardóttir.

## Vetrargleði Réttu græjurnar skipta öllu máli.



# Kerfið sem gerir menn að goðum

## Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



**E**f ég segði upp vinnunni minni í dag væri ég bundin ráðningarsamningi. Hann kveður á um þriggja mánaða uppsagnarfrest. Ef vinnuveitandinn minn færi fram á að ég legði strax niður störf fengi ég þessa þrjá mánuði greidda. Síðan tæki við erfið atvinnuleit og hugsanlega skráning á atvinnuleysisbætur í framhaldinu, allavega miðað við núverandi ástand á vinnumarkaði. Ofan á hvað það er glatað að missa vinnuna bætast við fjárhagsáhyggjur, óvissa, óöruggi og depurð. Sært stolt. Sjálfsefi. Andlegt þrot í margar vikur, sem bitnar á einkalífínu.

Nokkurn veginn svona er það þegar pöpullinn missir vinnuna

eins og fjölmargir hafa þurft að upplifa síðustu mánuði. Mörg hundruð manns hefur verið sagt upp undanfarið og fjölmargir eru enn án vinnu. Ástandið á vinnumarkaði er heldur ekki líklegt til að lagast á næstunni og búa því margir við það ástand að hafa ekki hugmynd um hvenær þeir komast aftur út á vinnumarkaðinn og ná að sjá fjölskyldu sinni farborða.

Svo eru það þeir sem eru á sérdíl. „Special prize for you my friend,“ eins og braskararnir segja þegar þeir reyna að selja grandalausum, sólarþyrstum Íslendingum alls konar drasl sem engan í veröldinni vantar. Menn eins og ríkislögrelustjóri sem virðist vera rót alls kyns

deilna og sundrunar innan lögreglunnar. Menn sem taka umdeildar ákvarðanir en þurfa aldrei að svara fyrir neitt. Menn sem eru bendlaðir, trekk í trekk, við alvarleg mál en þurfa enga ábyrgð að axla. Þeir, af öllum, fá sérdílinn.

Þeir fá að hætta í sínu starfi með reisu og fá fína ráðgjafastöðu í þrjá mánuði. Þeir halda óskertum launum eftir starfslok í tvö ár. Þeir fá fjöru tíu milljónir fyrir að sitja heima að drekka kaffi, spila golf, leika við barnabörnin, kaupa í matinn. Þeir þurfa ekki að skrá sig á atvinnuleysisbætur. Þeir þurfa ekki að lifa í óöruggi og óvissu. Þeir þurfa engar

áhyggjur af fjárhagnum að hafa.

Ef einhver efaðist einhvern tímann um að stéttaskipting væri á Íslandi, að hér byggju þau og við, þá kristallast það í þessum galna starfslokasamningi við mann sem skilur heilt embætti eftir í rjúkandi rúst, að svo virðist. Og af hverju gerist svona lagað? Hvernig er hægt að réttlæta þetta? Jú, út af því að hér á Íslandi erum við með úrelt embættismannakerfi sem býður upp á spillingu og frændhygli. Kerfi sem gerir embættismenn að goðum sem eru ósnertanleg. Kerfi sem tryggir að það þarf stjarnfræðilega alvarlega kvörtun, kæru eða klögun til að koma þessum mönnum úr embætti að það jaðrar við að vera sturlun. Þess vegna sitja þeir sem fastast. Og fá svo feitan starfslokasamning. Sem við, pöpullinn, þurfum að borga. ■



## Spurning vikunnar Hver er besta jólamyndin?



„Ég horfi alltaf á Polar Express til að koma mér í jólaskaði, þótt Tom Hanks sé þínu „creepy“ svona „animated“.“

**Eyja Sigríður Gunnlaugsdóttir, nemi og skemmtikraftur.**



„Ég er meira í bókunum yfir jólin, en þegar ég horfi á mynd verður það Home Alone 1.“

**Hrói Hróbjartur Höskuldsson, nemi.**



„Ég verð að segja Elf með Will Ferrel, ég ligg í kasti yfir henni hver einustu jóla.“

**Hali Hallgrímur Þorsteinson, athafnamaður.**



„Það hafa ekki liðið jóla þar sem ég hef ekki horft á How the Grinch Stole Christmas, sem á svo sem vel við þar sem ég er svoddan Grinch sjálf.“

**Sara, nemi og handavinnukona.**



# Gefðu tónlist í jólagjöf

Mikið úrval af tónlist á geisladiskum og vínýlplötum í næstu plötubúð



**Bubbi**  
Regnbogans stræti



**Vilhjálmur Vilhjálmsson**  
Við eigum samleið –  
Vinsælustu perlur Villa Vill



**Haukur Morthens**  
Hátíð í bæ



**Undir jólatrénu**  
Vinsæl íslensk jólalög



**Baggalútur**  
Jóland



**Between Mountains**  
Between Mountains



**Ellen Kristjánsdóttir**  
Sálmar



**Maus**  
Í þessi sekúndubrot sem ég flýt  
20 ára afmælisútgáfa



**Egó**  
Breyttir tímar



**Slipknot**  
We Are Not Your Kind



**Coldplay**  
Everyday Life



**Billie Eilish**  
When We All Fall Asleep,  
Where Do We Go?

# „EINGÖNGU GERT AF ILLSKU OG TIL AÐ BRJÓTA OKKUR NIÐUR“

■ Sonur tekinn í fóstur án vitundar foreldra ■ Ber framleiðendur sjónvarpsþáttarins Fósturbörn þungum sökum ■ Þann 18. október 2018 breyttist allt

Þann 23. september árið 2018 hófst önnur þáttaröð af Fósturbörnum í umsjón Sindra Sindrasonar. Í fyrsta og öðrum þættinum fylgdist Sindri með ferlinu hjá einstæðri konu á fertugsaldri sem langaði að eignast börn. Að lokum fékk umrædd kona að taka fimm ára dreng í fóstur, en í þættinum kom fram að drengurinn hefði búið við mikla vanrækslu. Umsjónaraðili drengsins hjá Barnavernd var Lilja Björk Guðrúnardóttir, sem aðstoðaði við vinnslu þáttanna.

Valgeir Reynisson, blóðfaðir drengsins, stígur fram í samráði við lögfræðing sinn, og segir í samtali við DV að hvorki honum né Evu Ósk Þorgrímsdóttur, eigin konu hans og móður barnsins, hafi verið tilkynnt um að barnið þeirra hefði verið sett í fóstur fyrr en eftir að þátturinn var frumsýndur. Barnið hafi verið fengið í þáttinn án vitundar eða leyfis frá foreldrum þess, en þau voru skráð sem forráðamenn drengsins á þessum tíma. Saman áttu hjónin fimm börn, hún þrjú úr fyrra sambandi en hann átti áður eitt úr öðru sambandi. Yngsta drenginn áttu þau saman. Valgeir, í samráði við lögfræðing sinn, hefur látið DV í té afrit af fjöl-

mörgum gögnum, tölvupóstum, opinberum gögnum frá sýslumanni, sms-samskiptum og samskiptum við Barnavernd Reykjavíkur, sem styðja frásögn Valgeirs.

Drengurinn sem um ræðir hafði á þeim tíma verið í tímabundinni vistun á Mánabergi á meðan foreldrarir tóku á sínum einkamálum. Ýmislegt hafði gengið á í lífi hjónanna og segir Valgeir þetta vera alvarlegt brot á persónuverndarlögum, að þetta hafi verið gert af ásettu ráði og vísar hann á aðstandendur þáttarins.

„Þau notuðu barnið okkar í þáttinn án okkar vitundar eða leyfis frá okkur, foreldrunum, og við vorum með foræðið yfir stráknum okkar á þeim tíma, sem staðfest var á pappír,“ segir Valgeir, sem ákvað síðar að kæra Barnaverndarnefnd til Persónuverndar.

„Þegar við heimsóttum strákinn okkar, sem var þá á fjórða ári, á vistheimilinu þá földu þeir þetta fyrir okkur og var allt málið með fósturforeldrið greinilega í ferli. Það var ekki fyrr en 23. september, skömmu síðar, að það var hringt í okkur og okkur sagt að kveikja á sjónvarpinu og sagt: „Bíddu, er þetta ekki strákurinn ykkar?“ Þetta var eingöngu gert af illsku og til að brjóta okkur niður.“

## Misræmi á gögnum

Valgeir segir sig og konuna sína hafa átt við ýmis vandamál að stríða, en að forsjársviptingin hafi verið byggð á lygum. Í janúar á þessu ári lögðu þau hjónin fram umsókn um að drengurinn færi í fóstur hjá systur Valgeirs. Þetta var tillaga þeirra hjóna til að gæta að velferð barnsins og halda því innan fjölskyldunnar, en systir Valgeirs á sjálf þrjú börn, tvö af þeim eru fósturbörn. Þessari beiðni var þó hafnað af Sýslumanni.

Umgengnisréttur þeirra Valgeirs og Evu var síðar tekinn fyrir í héraðsdómi þann 20. maí á þessu ári og segir Valgeir niðurstöðu dómarsins skjóta skökku við tillögu dómara við fyrirtöku. Forsjársviptingin tók þá formlega gildi hjá foreldrunum en Valgeir segir úrskurði barnaverndar um vanrækslu á drengnum vera ýktar og að til séu gögn sem sýni fram á misræmi á efnistöku.

„Dómari spyr okkur foreldrana hvort að við myndum samþykkja að drengurinn yrði vistaður í ár í viðbót á Mánabergi svo við gætum unnið betur í okkar málum og komið betri stöðugleika í líf okkar og þá myndum við geta fengið drenginn aftur. Við, konan mín, samþykktum það að sjálf-



sögðu, því við vildum gera allt til að fá börnin til okkar,“ segir Valgeir. „Þegar dómurinn er síðan kveðinn upp, sex vikum síðar, þá fullyrðir hann að við konan hefðum viðurkennt það í réttarsal að við værum ekki hæf til að vera foreldrar. Slíkt höfum við aldrei sagt. Við viðurkenndum að við þyrftum að vinna í okkar málum, en samþykktum aðeins það sem dómari bauð okkur, að halda barninu í tímabundinni vistun. Þá gátum við sýnt fram á að margt af því sem þeir báru fram í tengslum við vanrækslu var hreinlega byggt á ósannindum. Við gátum sýnt og sannað fyrir dómi að barnavernd var að ljúga upp á okkur.“

## Vék frá vegna málsins

Eva Ósk lést þann 17. júní á þessu ári og segir Valgeir sjónvarpsþáttinn og forsjársviptinguna hafa haft gífurleg áhrif á bataferli hennar og meðferð. Hann segir barnavernd og aðstandendur þáttarins Fósturbörn vera ábyrg fyrir versnandi líðan hjá Evu, sem síðar leiddi hana í gröfina að hans sögn.

„Ég geri þau tvö, barnavernd og Lilju Björk ábyrg fyrir hvernig fór fyrir konu minni enda er ég með fjölda vitna sem geta staðfest að eftir að þátturinn var sýndur þá hrundi allt. Hún var búin að fara í tvær meðferðir og farin að halda sér edru, en allt versnaði hjá henni eftir að hún sá þáttinn með litla stráknum sínum í,“ segir Valgeir og ber Lilju þungum sökum.

„Í skýrslu sem Lilja skrifar og setur fram í héraðsdómi notar hún það gegn mér að ég hafi ekki verið samvinnuþýður og erfiðlega hefði verið að ná í mig þegar eftirlitið hringdi í mig. Þetta er ekki rétt því ég er með skýrslur frá barnavernd þar sem fullyrt er að ég sé í þokkalegu sambandi við eftirlitsfólkið og að ég hafi látið Lilju vita af öllu sem væri í gangi og hvernig staðan væri. Ég er með margar dagsettar skýrslur sem staðfesta samtöl milli mín og

Við vildum gera allt til að fá börnin til okkar“

Lilju sem hún skrifar sjálf niður í skýrslu. Svo segja þeir að heimilið mitt hafi ekki verið ekki börnum bjóðandi út af hversu sóðalegt það var,“ segir Valgeir. „Þetta er eitt af mörgum dæmum og til eru ýmis gögn sem sýna fram á grófar skekkjur í frásögnum og gögnum. Sumir starfsmenn þarna hjá barnavernd virðast geta valið hvaða einstaklingar standast kröfur þeirra og hverjir ekki.“

Eins og staðan er núna fær Valgeir að hitta son sinn einu sinni á hálfis árs fresti í tvo klukkutíma undir eftirliti.

## Langt ferli

Valgeir segir lögmann sinn hafa spurt Lilju í héraðsdómi hvort hún hafi fengið leyfi eða undirskriftir frá foreldrum eða látið þá vita um gerð þáttarins sem hún notaði barnið í. „Hún svaraði því neitandi og þegar lögmaður minn ætlaði að halda áfram að spyrja hana um gerð þáttarins og fleira þá stöðvaði dómari lögmann minn, spurði hvernig þetta kæmi málinu við og bað hann að halda sig við efnið,“ segir Valgeir.

Að sögn Valgeirs steig Lilja Björk til hliðar þegar málið var kært til lögreglu og tók þá nýr umsjónarmaður við. Valgeir hefur ítrekað reynt, ásamt lögmanni sínum, að fá skýringar frá Persónuvernd um málið en lítið hefur bólað á svörum. Lögmaður Valgeirs hefur ekki fengið viðbrögð frá Persónuvernd vegna kærnu á barnavernd. Valgeir hyggst fara með málið fyrir mannréttindadómstól.

Við vinnslu fréttarinnar fengu engin svör frá Lilju Björk varðandi hennar hlið málsins. ■

Jólagjöfin fyrir gæludýrið fæst hjá okkur

gæludýr.is

Fiskislóð • Bildshöfði • Smáratorg • Helluhraun  
www.gaeludyr.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

LAUGARDAGUR **14. DESEMBER** 14:00 & 16:00

SUNNUDAGUR **15. DESEMBER** 14:00 & 16:00

# JÓLA TÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

**S**annkölluð hátíðarstemning ríkir á Jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem gömul og ný jólatónlist verður flutt af hljómsveitinni ásamt fjölda ungra listamanna. Tónleikarnir hafa notið verðskuldaðrar hylli og eru á meðal vinsælustu tónleika sveitarinnar.

Kynnir á tónleikunum er trúðurinn Barbara, leikinn af Halldóru Geirharðsdóttur, sem tendrar ljós í hverju hjarta. Þetta eru tónleikar sem ekkert jólabarn má láta fram hjá sér fara. Tónleikarnir eru túlkaðir á táknmáli.

**Bjarni Frímenn Bjarnason**  
hljómsveitarstjóri

**Trúðurinn Barbara**  
kynnir

**Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað,  
Unnsteinn Manuel Stefánsson og  
Kolbrún Völkudóttir**  
einsöngvarar

**Stúlknakór Reykjavíkur**

**Litlu sprotarnir**  
táknmálakór

**Bjöllukór Tónlistarskóla  
Reykjanesbæjar**

**Dansarar úr Listdansskóla  
Íslands**

**Hörpuhópur**

**Blokkflautusveit Tónlistarskóla  
Árnesinga**

**Ungir trommuleikarar**



**TRYGGÐU FJÖLSKYLDUNNI SÆTI [SINFONIA.IS](https://www.sinfonia.is)**

Miðasala í Hörpu  
[sinfonia.is](https://www.sinfonia.is)  
[harpa.is](https://www.harpa.is)  
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :


**GAMMA**



BÁTAR



SAUNATUNNUR



SAUNA

# *Sauna- og gistitunnur ásamt hitaveitupottum og nokkrum tegundum af skeljum*



Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum ■ Verð frá 58.500 kr.



SAUNA FYLGIHLUTIR



INFRARAUÐUR KLEFI



HEITIR POTTAR

# *Sjáðu úrvalið á goddi.is Infrared saunur ásamt viðarkyntum pottum*



# GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

# Sigmundur Davíð bæði skúrkur og hetja

■ Val á manni og skúrki ársins í fullum gangi  
■ Þúsundir lesenda sendu inn tilnefningar

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is

Val DV á manni og skúrki ársins er í fullum gangi en fyrir stuttu kallaði ritstjórn DV eftir tilnefningum frá lesendum í báða flokka. Það stóð ekki á viðbrögðunum og telja tilnefningarnar nokkur þúsund.

Nú hefur ritstjórn DV tekið saman þá einstaklinga sem fengu flestar tilnefningar í hvorum flokki fyrir sig og kennir þar ýmissa grasa. Alþingismaðurinn Sigmundur Davíð Gunnlaugsson er til dæmis á báðum listum og því umdeild persóna í þjóðlífinu. Stjórnmalamenn nánast eiga lista yfir tilnefningar til skúrki ársins á meðan listinn yfir tilnefningar til manns ársins er ívið fjölbreyttari. Þá litar Samherjamálið báða lista.

Hægt er að kjósa á milli átta einstaklinga í hvorum flokki fyrir sig á vef DV. Kosning hefst í dag, föstudaginn 6. nóvember, og stendur yfir í viku. Þá verður farið yfir atkvæðin og í ljós kemur hverjir hljóta þessar nafnbætur.



## Tilnefningar árið 2019 Maður ársins:

### Bjartmar Leósson, stofnandi hópsins Hjóladót.

„Keyrir um bæinn og finnur stolin hjól, heldur út fb síðunni hjól, tapað fundið stolið, er búinn að finna mörg hjól fyrir fólk, eitthvað sem maður hefði haldið að lögreglan ætti að vera að vinna í.“

„Bjartmar hefur bjargað hjólasamfélaginu á Íslandi.“

### Erna Ýr Öldudóttir, blaðakona.

„Hún stendur með hinu sjálfsagða (frelsnu til tjáningar) í ríki sem er að drukkna í sinni eigin vinstri mennsku, gagnrýnin hugsun

virðist fordæmd og hötuð hérna.“

„Stóð sig eins og hetja í herfilegum Kastljóspætti, þar sem henni og Magnúsi var kastað í ljónagryfju heimsku og sjálfsþótta.“

### Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands.

„Það þarf ekki að rökstyðja.“  
„Frábær maður og góður forseti.“

### Helgi Seljan, fréttamaður.

„Fyrir að þora að koma upp um Samherja og aðra elítu – ætli sonur Múa hringi ekki í hann og hóti honum eins og fu. Seðlabankastjóra.“

„Fyrir vandaða umfjöllun sem leiddi til afhjúpunar meinsemdar í viðskiptaháttum.“

### Jóhannes Stefánsson, uppljóstrari.

„Maður sem er koma með

sannleikann upp á yfirborðið. Mörg önnur spillingarmál koma upp í kjölfarið.“

„Það þarf geysimikinn kjark til að vaða gegn svona miklu veldi sem Samherji er og stjórnendur þess. Orð Jóhannesar um að hann muni eiga erfitt með að fá vinnu eftir þetta eru rétt.“

### Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

„Heiðarlegur verkalýðsforingi.“

### Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins.

„Hann er eini stjórnmalamaðurinn sem hugsar um íslenska framleiðslu.“

„Stendur allt af sér. Pólitískur afreksmaður.“

### Hildur Guðnadóttir, tónskáld.

„Hefur náð einum besta árangri Íslendinga á erlendri grundu og er vel að titlinum komin.“

## Tilnefningar árið 2019

## Skúrkur ársins:



### Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja (tímabundið í leyfi)

„Fyrir að arðræna eina fátækustu þjóð veraldar eftir að hafa rænt Íslendinga og sölsað undir sig 1/7 fiskveiðikvóta með svikum og prettum, ... það var ekki nóg að Samherli fengi u.þ.b 2.000 tonna þorskígildiskvóta frítt, svokallaðan skipstjórakvóta, heldur þá fyrst byrjaði ballið með Sjálfstæðisflokkinn sem tryggingu á bak við sig, ráherra og þingmenn.“

### Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra.

„Fyrir að vera innvinklaður í öll helstu spillingarmál Íslands til margra ára.“  
„Fyrir illa meðferð á öldruðum og öryrkjum.“

### Skúli Helgason, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar.

„Hann svíkur íbúa og börnin með lokun skóla.“

### Kristján Þór Júlíusson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra.

„Vanhæfni til að sjá eða vilja sjá spillingu.“  
„Fyrir að sitja sem fastast í stól þegar hann í raun og veru ætti að segja af sér.“

### Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra.

„Fyrir það að standa ekki við gefin loforð.“  
„Hún reyndist ekki vera traustsins verð.“

### Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri.

„Honum er alveg sama um íbúa borgarinnar fyrir ofan Ártúnsbrekku.“  
„Fyrir að helluleggja torgið fyrir framan húsið sitt fyrir hundruð milljóna – og komast upp með það. Fyrir að loka eina grunnskólanum í Korpuhverfi.“

### Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins.

„Skúrkur og lygari af guðs náð, samanber Klaustursmálið.“  
„Mesti loddari, lýðskrumari, tækifærissinni stjórnmalanna frá upphafi. Skrópaði 80% af þingtíma. Hann skammast sín ekki fyrir Klaustursmálið, heldur kennir eins og ævinlega öðrum um ófarir sínar. Óheiðarleiki (Wintris o.fl.) og siðblinda afhæstu gráðu. Minnir helst á Donald Trump. Hættulegur samfélaginu.“

### Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar.

„Svívirðileg framkoma við vinnandi fólk – og það rétt fyrir jóla. Hann ætti að skammast sín!“

**ARGOFLUTNINGAR**  
Sími: 845 0900



milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðis  
cargoflutningar.is

➔ Suðurnes  
➔ Reykjavík  
➔ Suðurnes

Tvisvar  
á dag!



Luxaflex®



Luxaflex®  
Duette® gluggatjöld



Luxaflex Duette býður upp á hundruð mismunandi efna sem gerir það mögulegt að sameina áferðir, liti og flekabreiddir. Með Duette lausnum getur þú gert heimili þitt einstakt. Duette er hægt að fá rafstýrð með Luxaflex Power View. Komdu við í sýningarsal okkar að Smiðjuvegi 9 og skoðaðu möguleikana eða kíktu á [www.zenus.is](http://www.zenus.is).

ZENUS | SMÍÐJUVEGI 9 | 200 KÓPAVOGI | S: 554 2450 | [www.zenus.is](http://www.zenus.is)



ZENUS

# RAFBOGA STEFNT VEGNA VANGOLDINNA LAUNA

■ Neyddist til að búa í Hveragerði ■ Fékk ekki ráðningarsamning fyrir en eftir að hann lauk störfum ■ Fyrirtækið á lista yfir framúrskarandi fyrirtæki 2019

Erla Dóra  
erladora@dv.is



Fyrirverandi starfsmaður verktakafyrirtækisins Rafboga ehf. hefur stefnt fyrirverandi vinnuveitanda sínum í dómsmáli sem hefur verið þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur. Er Rafboga gert að sök að hafa vangreitt laun miðað við taxa sem gefinn var upp í ráðningarsamningi sem og vanrækt að greiða kjarasamningsbundnar aukagreiðslur. Heildarkrafan nemur tæpum 700 þúsund krónum. Rafbogi krefst sýknu og hafnar öllum kröfum.

## Ungur maður í ævintýraleit

Starfsmaðurinn, Konrad Long, kom til Íslands í apríl 2018. Framkvæmdastjóri Rafboga var með starfsnema frá Eistlandi í fyrirtækinu og bað hann að verða fyrirtækinu úti um eistneska rafvirkja. Þannig heyrði Konrad af starfinu og ákvað að slá til, ungur maður í ævintýraleit sem vildi prófa að búa og starfa í nýju landi.

Engan fékk hann skriflegan samninginn þó, þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir, fyrir en að

ári liðnu, en þá hafði honum verið sagt upp störfum og fékk, að eigin sögn, aðeins afhentan samning til að hann hefði skrifleg gögn til að leggja fram hjá vinnuálastofnun úti í Eistlandi. Í ráðningarsamningi var tilgreint hærra tímakaup en Konrad hafði fengið greitt og krefst hann því mismunar á útborguðum launum og þeim launum sem honum bar að fá samkvæmt ráðningarsamningi.

## Neyddist til að búa í Hveragerði

Það var í janúar 2018, sem Konrad fékk að vita með skömmum fyrirvara að hann þyrfti nú að sinna verkefni í Hveragerði. Rafbogi er skráð í Reykjavík og samkvæmt kjarasamningi Rafiðnaðarsambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins ber í þeim tilvikum sem vinna fer fram innan við 61 kílómetra frá þeim stað sem fyrirtækið er skráð á, að greiða ferðakostnað starfsmanna sem þurfa að ferðast fram og til baka daglega. Eins telst ferðatíminn til vinnutíma og skal því greitt fyrir hann.

Til að byrja með fór Konrad daglega fram og til baka frá Hveragerði. Hins vegar hafði Rafbogi einbýlishús í Hveragerði

þar sem margir starfsmenn bjuggu saman. Var Konrad því tilkynnt að ekki yrði greiddur fyrir hann ferðakostnaður fram og til baka frá Reykjavík. Þess í stað skyldi hann búa í þessu húsi í Hveragerði þar sem hann þyrfti að deila herbergi með öðrum einstaklingi. Þetta reyndist Konrad þungbært. Hann hafði komið sér vel fyrir í Reykjavík þar sem hann leigði herbergi hjá konu sem einnig er frá Eistlandi og var þeim vel til vana. Í Hveragerði hafði hann ekkert bakland og einangraðist mikið. Verkinu í Hveragerði seinkaði mikið og átti Konrad að vera á tánum og tilbúinn að snúa aftur til Reykjavíkur með litlum sem engum fyrirvara þegar Rafbogi færi fram á það. Hins vegar hefði það reynst Konrad þungbært að þurfa sjálfur að standa straum af ferðakostnaði fram og til baka frá Hveragerði á hverjum degi og hann féllst því á að búa í húsinu í Hveragerði, enda vildi hann ekki missa vinnuna og taldi sig ekki hafa um annað að velja.

Í stefnu er farið fram á að fá ferðakostnaðinn greiddan, enda hefði Konrad ekki viljað búa í Hveragerði þar sem hann þekkti lítið til.

## Segja ekkert hæft í kröfunum

Í greinargerð Rafboga í málinu er því hafnað að Konrad eigi inni laun hjá fyrirtækinu. Rangur taxti hafi verið skráður fyrir mistök í ráðningarsamning, og Konrad hefði ekki verið neyddur til að búa í Hveragerði heldur bauðst honum þar tækifæri til að vinna sér inn auka pening og sleppa við að greiða fyrir leigu og fæði.

Hefði honum ekki boðist þessi kostur hefði hann verið samferða öðrum starfsmönnum Rafboga ehf. til Reykjavíkur klukkan 16 á hverjum degi og því hvorki boðist að vinna lengur né að vinna á laugardögum. Var umrætt fyrirkomulag því í fullri sátt við Konrad, enda mun hann í raun ekki hafa haft heimilisfesti í Reykjavík heldur bjó hann í einu herbergi hjá áður nefndri konu við þröngan kost. Var fyrirvarsmanni Rafboga ehf. ekki kunnugt um annað en að þetta fyrirkomulag hentaði Konrad mjög vel, ekki síst vegna þess að hann var í fríu fæði og húsnæði meðan hann starfaði í Hveragerði. Var um að ræða verulega kjarabót fyrir Konrad sem Rafbogi ehf. veitti honum langt umfram skyldu.

Varðandi ráðningarsamning og tóf á að afhenda Konrad slíkan



segir í greinargerð:

„Í byrjun árs 2018 hafði kona að nafni [...] samband við Rafboga ehf. og lýsti áhyggjum af K [Konrad] en hann mun hafa búið hjá henni um skeið. Meðal þess sem hún nefndi í tölvubræfi sínu var að ekki hefði verið gerður skriflegur ráðningarsamningur við K og það hefði valdið honum vanlíðan. Brugðist var við þessu af hálfu Rafboga ehf. með því að ganga frá ráðningarsamningi nokkru síðar.“

Hins vegar er rétt að benda hér á að viðbrögð Rafboga við vanlíðan Konrad tóku töluverðan tíma. Konan sem hafði samband gerði það í janúar, samningurinn fékkst ekki afhentur fyrir en í maí. Samkvæmt gildandi kjarasamningi þegar Konrad var á Íslandi að störfum þá bar atvinnurekanda að gera við hann samning innan tveggja mánaða.

Það verður því fróðlegt að sjá hvernig dómari metur rök Rafboga, um að taxti í samningi hafi verið rangur og miðað við kjarasamningsbundin laun á þeim tíma sem ráðningarsamningurinn var loks afhentur, en samningurinn sem DV hefur undir höndum er dagsettur miðað við þann dag er Konrad hóf störf hjá Rafboga.

## Ekki einsdæmi

Konrad er nú farinn aftur til Eistlands en hefur valið sér umboðsmann sem er málsvari hans í máli þessu. Að sögn umboðsmannsins er Konrad ekki eina dæmið um erlenda starfsmenn sem Rafbogi hefur ekki komið rétt fram við. Það sé eins og atvinnurekendur leyfi sér verri framkomu, og að bjóða verri kjör, í garð erlendra aðila en íslenskra og það sé ástand sem verði að vekja athygli á, enda á engu máli að skipta hvaðan hæft fólk kemur.

Samkvæmt ársreikning nam hagnaður Rafboga á árinu 2018, eftir skatta, 41,5 milljónum. Þórður Bogason, framkvæmdastjóri, fyrirtækisins, er eini hluthafinn. Fyrirtækið var einnig í 471 sæti á lista CreditInfo um framúrskarandi fyrirtæki á árinu 2019. ■

Nánar verður fjallað um málið síðar.

**ALLT Í JÓLAPAKKANNA**  
HJÁ  
**fimleikar.is**

Áhöld, æfingafatnaður og keppnisfatnaður í miklu úrvali!



# Húsfélagapjónusta

Leiðandi í hagkvæmni og rekstri húsfélaga

✓ Bókhald og fjármál

✓ Húsfélagafundir

✓ MÍNAR SÍÐUR

✓ Þjónustusaga húss

✓ Önnur þjónusta



# LAND HINNA FEITU STARFSLOKASAMNINGA

■ Fólk græðir milljónir á að hætta í vinnu ■ Hér eru nokkrir af stærstu starfslokasamningum síðustu missera

Óhætt er að segja að starfslokasamningur Haraldar Johannessen ríkislögreglustjóra hafi valdið miklum usla á meðal almennings. Haraldur lætur af störfum í byrjun næsta árs og verður á óskertum launum og starfskjörum sem hann hefur haft, til 30. júní 2021. Í kjölfar þess verður hann á biðlaunum til loka

sama árs. Þetta kom fram í starfslokasamningi Haraldar. Fær Haraldur um fjórutíu milljónir í sinn hlut, eða 126 föld lágmarkslaun í landinu.

Að gefnu tilefni skoðum við fleiri starfslokasamninga sem hafa sett samfélagið á hliðina og létt fjárhirslur almennings heilmikið.



Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, nýtur góðs af sínum starfslokum. Oddi var sagt upp störfum í byrjun október og hlýtur hvorki meira né minna 20 milljónir frá Kirkjumálasjóði næstu 19 mánuði. Oddur hafði starfað hjá kirkjuráði í þrjú ár.

**Heildarupphæð: 20.000.000 kr.**  
Það eru ...  
... 57.000 pokar af lakkrisreimum  
... 1 sumarbústaður á Suðurlandi  
... 1.200 flugferðir til Kaupmannahafnar, fram og til baka



## Sandur af seðlum

Seðlabanki Íslands greiddi Ingibjörgu Guðbjartsdóttur, fyrrverandi framkvæmdastjóra gjaldveiseftirlits hjá bankanum, rúmlega 18 milljónir króna við starfslok hennar hjá bankanum árið 2016.

**Heildarupphæð: 18.000.000 kr.**  
Það eru ...  
... 75.000 lítrar af bensíni  
... 120 ísskápur  
... 45.000 ísar með djúfu



## 37 milljónir í laun og hlunnindi

Auðun Freyr Ingvarsson, sem sagði af sér sem framkvæmdastjóri Félagsbústaða í október í fyrra, í kjölfar 330 milljóna króna framúrkeyrslu vegna framkvæmda við Írabakka, fékk greiddar alls 36,990 milljónir í laun og hlunnindi fyrir árið 2018.

**Heildarupphæð: 36.990.000 kr.**  
Það eru ...  
... rúmlega 13.000 pítsur á veitingastað  
... tæplega 80.000 strætómiðar fyrir fullorðna  
... rúmlega 1 radhús í Þorlákshöfn

VIÐ KYNNUM NÝ  
ARC-TIC RETRO ÚR

ARC-TIC ICELAND

VERÐ FRÁ:  
29.900,-

GILBERT  
ÚRSMÍÐUR  
Laugavegi 62 - sími: 551-4100  
www.gilbert.is

Arion Bank

Sæll bankastjóri

Höskuldur H. Ólafsson, fyrrverandi bankastjóri Arion banka, fékk 150 milljónir króna við starfslok sín hjá bankanum, að því er fram kemur í reikningsskilum bankans fyrir annan ársfjórðung 2019.

**Heildarupphæð: 150.000.000 kr.**  
Það eru ...  
... næstum því 500 föld lágmarkslaun  
... nóg til að kaupa rúmlega 300.000 tilboð af pylsu og kók  
... 30.000 Teslur Model 3

Skyldi sáttur við bankann

Steinþór Pálsson, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, lét af störfum og hlaut rúmar 25 milljónir króna eftir starfslokin frá bankanum.

**Heildarupphæð: 25.000.000 kr.**  
Það eru ...  
... tæplega 140.000 lítrar af mjólk  
... tæplega 15.000 bíómiðar  
... 9 nýjar Yaris-bifreiðar



## Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

### 1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

### 1 SYSTEMS OneQuality



Gæðastjórnun á stóran þátt í góðum árangri fyrirtækja. OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

### 1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænar innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavinum, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

## Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúum þeirra

# Dagur í súkkulaðiverksmiðju

■ Nóaherinn önnum kafinn ■ Íslendingar bæði nýjungagjarnir og íhaldssamir  
■ Annasamasti tími ársins genginn í garð ■ Konfektframleiðslan komin á fullt

Íris Hauksdóttir  
iris@dv.is



**A**uðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri sælgætisgerðarinnar Nóa Sírius, segir enga tvo daga í starfi hans vera eins. Hann bauð blaðamanni og ljósmyndara fylgjast með framleiðslu súkkulaðiverksmiðjunnar einn ískaldan dag í desember þar sem einn annasamasti tími ársins er genginn í garð.

„Ég kem frá Akureyri og að loknu markaðsfræðinámi í Danmörku hóf ég störf sem markaðsstjóri Kjarnafæðis. Ég var þar í skemmtilegu starfi með frábæru fólki, en þegar konan mín, þekkjandi vel djúpstæðan áhuga minn á súkkulaði og öðru sælgæti, tilkynnti mér með þessum orðum „the mothership is calling“, og sagði í kjölfarið að það væri verið að auglýsa eftir mér ákvæðið ég að kanna málið til hlítar. Þar var um að ræða starfsauglýsingu frá Nóa“, útskýrir Auðjón þegar talið berst að tildrögum þess að hann hafi fundið sinn farveg hjá sælgætisgerðinni. „Þetta virtist allt saman alveg vera skrifað í skýin og í kjölfarið fluttum við suður. Ég hóf störf við markaðsmál og vöruþróun hjá þeim, eða alveg þar til fyrir nokkrum árum að forveri minn, Kristján Geir, leitaði á ný mið, að ég tók við núverandi starfi sem framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs. Þar stýrir maður eða kannski öllu heldur aðstoðar maður óopinbert landslið sölu- og markaðsfólks og þjónustu, sem myndar hinn ótrúlega öfluga „Nóaher“, ásamt þátttöku í framkvæmdastjórn fyrirtækisins.“

## Nói ristir djúpt í íslensku þjóðarsálinu

Og Auðjón segir vinnudagana fjölbreytta þrátt fyrir að ákveðnir liðir séu alltaf í föstum skorðum. Dagurinn sem við fáum að fylgjast með sé því einn af ótal öðrum. Spurður hvað það hafi verið sem vakti áhuga hans á starfinu segist Auðjón hafa orðið skemmtilega undrandi á þeim djúpu tilfinningum sem Íslendingar bera til fyrirtækisins. „Já, ég viðurkenni, það kom mér á óvart hversu djúpt fyrirtækið ristir í íslensku þjóðarsálinu sem og þeirra vara sem við framleiðum. Maður áttar sig fljótt á að fólk upplifir okkar vörur sem hálfgerða þjóðareign, eitthvað sem hefur fylgt Íslendingum í gegnum þykkt og þunnt, á flestum hátíðarstundum, svo sem jólum, páskum og afmælum. Þannig fáum við margar sögur frá viðskiptavinum af skemmtilegum minningum þeirra með Nóa-vörum og sérstaklega er gaman að heyra þegar sögurnar lýsa skemmtilegum hefðum sem færast milli kynslóða. Um leið setur þetta okkur í ákveðið hlutverk, okkur er treyst fyrir að halda uppi háum gæðastöðlum og erum fljót að fá athugasemdir ef einhverjar breytingar verða. Sem dæmi um það má nefna þegar við hættum með vöru sem á sér stað í hjarta fólks. Ég veit ekki hversu oft ég hef verið spurður um Bláan Opal og Malta, vörur sem voru með landsmönnum í fleiri áratugi og fólk saknar gífurlega. En á móti kemur líka að við fáum mjög jákvæð viðbrögð við nýjungum, fólk er mjög opið að smakka nýjar vörur frá okkur og reglulega fáum við tilögur að nýjum vörum frá viðskiptavinum, margar sem hafa orðið að veruleika.“

## Margt sem gleður sælkera

Nú er framleiðslan talsvert árstíðabundin, en skyldi einhver árstíð eða framleiðslufurð vera í sérstöku upphaldi

hjá Auðjóni? „Það eru mikil forréttindi að vinna með margar mismunandi vörur sem tilheyrja öllum árstíðum en auðvitað hafa jólin með konfektinu og páskarnir staðið svolítið upp úr. Það er svona tíð þegar allir eru stemmdir til að gleðja sig og sína, þá gleymist svolítið daglegt þras og fólk dettur í gleðigírinn. Í seinni tíð hefur sumarið svo komið sterkt inn, sem mikil gleðihátíð. Á sumrin vilja Íslendingar fá nýtt góðgæti og við byrjum að fá fyrirspurnir strax upp úr áramótum hvað sé næsta sumarkropp og hvenær það komi á markað, fólk er svo spennt. Fyrir sælkera eins og mig eru jólin alltaf mikil hátíð enda er margt sem gleður mig, bæði þegar kemur að vörum frá Nóa sem og öðrum. Það er þó einkum tvennt sem eru jólin fyrir mér, Nóa Konfektflöskurnar og Dökkt Pralín með myntufyllingu. Sumt er bara þannig að jólahjósinn kvikna innra með manni.“

Spurður hvaða jólasælgæti njóti mestra vinsælda yfir þennan árstíma segir Auðjón súkkulaðið bera höfuð og herðar yfir allt annað hnossgæti. „Jólin eru sannkölluð súkkulaðihátíð, þar fremst í flokki fer konfektíð. Íslendingar eru í blandssamir og nýjungagjarnir, það eru sumir hlutir sem alltaf verða að vera, Nóa Konfekt og Macintosh, en svo er það alveg dásamlegt hvað við tökum nýjum vörum opnum örmum. Við höfum undanfarin ár komið með jólanýjungum og margar þeirra orðnar fastur liður hjá landanum, til dæmis Sírius súkkulaði með piparkökum, sem við komum með fyrir um það bil fimm árum en salan eykst bara ár frá ári. Hjá mörgum er þetta nefnilega orðið ómissandi í jólaundirbúningnum.“

## Konfektíð fer ekki í hundana

Auðjón viðurkennir að það sé freistandi í dagsins amstri að starfa hjá fyrirtæki þar sem auðvelt er að háma í sig sælgæti í rannsóknarskyni. „Það er þvílíkur bónus þegar vinna manns og áhugi fara saman. Að því sögðu er auðvelt að réttlæta það að háma í sig sælgæti á vinnutíma, ég held ég þurfi ekki að segja meira en það. Á okkar heimili er svo ákveðin regla að láta konfektíð aldrei fara í hundana. En það gerðist fyrir nokkrum árum að hundurinn okkar, sem alla jafna er mjög hlýðinn og lætur algjörlega mat vera sem honum er ekki boðinn, tók sig allt í einu til um jólanóttina og kláraði hreinlega úr konfektiskálinni, álpappírinn með og allt. Ekki það að þetta sýndi jú bara mjög góðan smekk en hins vegar eins og flestir hundaeigendur þekkja, þá eru sætindi alls ekki góð fyrir hunda. En sem betur fer tók hann sig á og lét allt matarkyns algjörlega vera, nema það sem honum var boðið, og við ályktuðum að hann hefði lært af þessu, ja, þar til næstu jól, þá endurtók sagan sig, hann hámaði í sig jólakonfektíð með bestu lyst þegar við vorum farin að sofa. Síðan þá höfum við þurft að fela konfektíð um jólin, því þegar líður á aðfangadagskvöld, þá fer hann að sýna konfektinu óþarfa athygli. Að því sögðu er það jú oft þannig að við tengjum sælgæti við ákveðna nostalgíu, það kallar fram góðar minningar. Oft tengist það líka ljúfum viðburðum úr lífi fólks og í kjölfarið skjóta minningar upp kollinum þegar maður tekur fyrsta bitann. Við sjáum þetta einna best endurspeglast í kringum jólahátíðina og þess vegna er svo ljúft að fá að vera partur af þessari sögu, þegar við sjáum fyrstu konfektmolana streyma fram úr súkkulaðivélinni.“ ■



**7.30** Sötrað te, reynt að klára tölvupósta gærdagsins, yfirfara reikninga og greining á gögnum.

**8.30** Daglegur sviðsfundur, þar sem markaðs- og sölusviðið kemur saman, farið yfir stöðuna, mælingar, við mærum hvert annað fyrir góðan árangur og göngum peppuð og klár inn í daginn.



**8.45** Daglegur fundur með sölustjórnum, farið yfir væntanlega sigra dagsins og önnur verkefni sem liggja fyrir.

**9.00** Daglegur fundur með framkvæmdaráði, mælingar og dagleg verkefni.

**9.20** Vinnufundur með markaðsstjóra, allt að verða klárt fyrir jólahátíðina 2020.



**9.40** Morgunmat í Nóa, hafragrautur, og landsmálin leyst í góðum hóp og létt yfirferð á meistaradeildinni í fótbolta.

**10.00** Fundur með fjölmiðli, kynning á tækniþróun og breytingu á neytendahögðum.

**11.15** Vinnutörn með sölustjóra, leyst úr nokkrum áriðandi verkefnum.



**11.50** Rækt og hádegismatur. Auðunn kokkur í Nóa nær enn einu sinni að toppa sig, nú með laxatortillum.



**13.10** Smakkað á vöruþrófum, hrikalega góðum, tekin tölvupósttörn og önnur dagleg mál.

**13.50** Fundur með forstjóra, farið yfir stöðuna og brýnustu mál.



**14.10** Fundur með samfélagsmiðlafyrirtæki, skoðaðir möguleikar í notkun áhrifavalda erlendis fyrir útlutning.

**15.00** Vinnutörn með markaðsstjóra, farið yfir Kellogg's- og Pringles-mál.

**15.40** Tekið smá aukasmakk á vöruþrófunum, maður getur víst aldrei verið of viss. Síðasti tebolli dagsins tekinn og reynt að klára nokkur áriðandi verkefni sem út af standa.



# Tómstundir og útivist

06. desember 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



CAFÉ CATALÍNA:

## Falinn gimsteinninn í hjarta Kópavogs



**C**afé Catalína er frábær veitinga- og skemmtistaður í Hamraborginni, hjarta Kópavogs. Staðurinn er afar vinsæll bæði í hádeginu og á kvöldin. Við bjóðum upp á fjölbreyttan matseðil á kvöldin sem samanstendur af heidarlegum og góðum heimilismat. Kjötsúpan okkar klikkar ekki, en þetta er klassísk og bragðgóð, íslensk kjötsúpa sem hlýjar vel á vetrarmánuðum. Einnig erum við með girnilega kjúklingarétti, svínaríf, kótelettur og fiskarétti.

Á Café Catalínu færðu að auki girnilega hamborgara og samlokur á frábæru verði.

### Kíktu á Catalínu í hádeginu

Café Catalína er afar vinsæll veitingastaður í hádeginu og er með sérstaka hádegisrétti vikunnar, sem birtir eru vikulega. Fylgstu með á vefsíðunni [catalina.is](http://catalina.is) og á Facebook: Cafe Catalina.

### Skemmtu þér á Café Catalínu

Það er alltaf góð stemning á Café

Catalínu. Við bjóðum gestum reglulega upp á stórskemmtilega viðburði. Þá er meðal annars lifandi tónlist allar helgar hjá okkur. Við sýnum einnig alla helstu íþróttaviðburðina á risaskjánum okkar. Þú missir ekki af neinu á Café Catalínu.

### Komdu í skötu á Catalínu

Hið sívinsæla skötuþlaðborð verður að sjálfsögðu á sínum stað á Þorláksmessu 23. desember. Það er gífurleg eftirvænting í liðinu og

gestum enda bíða menn allt árið eftir skötunni okkar ljúffengu.

### Café Catalína er opið alla daga vikunnar:

Mánudaga–fimmtudaga frá 11–01  
föstudaga frá 11–03  
laugardaga frá 12–03  
sunnudaga frá 13–01

### Hamraborg 11, Kópavogi

Sími: 554-2166

Vefpóstur: [catalina@catalina.is](mailto:catalina@catalina.is)



FATASALA.IS

SELDU \* ENDURNÝTTU \* VERSLAÐU

HEIM

VERSLUN

GJAFAR BÓGUVAÐI

SELJENDI

UPPLÝSINGAR



BÚÐU TIL ÞINN  
EIGINN PRÓFIL OG  
SELDU



VERSLAÐU NÝTT OG  
NOTAÐ Á  
HAGSTÆÐU VERÐI



FATASALA.IS

SELDU \* ENDURNÝTTU \* VERSLAÐU

FATASALA.IS:

# Þú finnur hið fullkomna jóladress á Fatasala.is!

**G**ræni glimmeráramótakjöllinn, rauða jóladressið og útivistarflikurnar sem þú ætlaðir alltaf að nýta í allar fjallgöngurnar í sumar. Það er engin ástæða til þess að láta þetta daga upp í fataskápnum hjá þér. Með hjálp Fatasala.is geta fötin fundið nýja eigendur sem munu tryggja áframhaldandi not. Sömuleiðis getur þú fundið glæsilegar flikur á frábæru verði fyrir hvaða tilefni sem er. Hvað segirðu um dimmbláan palliétuáramótakjól? Þú finnur hann örugglega á Fatasala.is.

Fatasala.is er nýr og stórsniðugur vettvangur til þess að selja og kaupa notuð og ný föt. Á síðunni finnur þú allt á sama stað. Þá er hægt að kaupa karlmanns- og kvenfatnað, barnaföt, útivistarflikur, íþróttaföt, meðgöngufatnað, skó og fylgihluti í miklu úrvali.

## Fritt fyrsta mánuðinn

Fatasala.is er uppbyggð þannig að seljandi skráir sig inn á síðuna og opnar þar sína eigin fataverslun.

Seljandi sér um að taka myndir af flikunum, skrá þær inn í kerfið og ákveða verð. Seljandi hefur þá yfirsýn yfir það sem er í versluninni og getur fylgst nákvæmlega með allri sölu, sett inn nýjar flikur, breytt verði og margt fleira. Fatasala.is var opnuð með pomp og prakt sunnudaginn 1. desember og hafa fjölmargir skráð sig nú þegar. Fyrsta mánuðinn er frítt að opna verslunarsíðu undir hatti Fatasala.is. Eftir það er mánaðargjaldið 2.990 kr.

## Einfalt og þægilegt að versla á Fatasala.is

Á Fatasala.is má finna mikið magn af notuðum og nýjum flikum á frábæru verði. Með hjálp leitarkerfisins finnurðu líka nákvæmlega það sem þig vantar. Þá geturðu leitað eftir flokkum, fatastærð, lit og til stendur að bæta við þeim möguleika að leita eftir merkjum. Á Fatasala.is getur kaupandi svo fylgst nákvæmlega með öllum sínum kaupum sem hann framkvæmir á síðunni, hvenær

flikurnar voru keyptar, hvenær þær eru sendar út og fleira. Til þess að koma sérstaklega til móts við kaupendur hefur Fatasala.is innleitt stjörnukerfi. Kaupendur eru þá hvattir til þess að gefa umsögn í formi stjörnugjafar þegar þeir fá varninginn í sínar hendur. Þetta eykur kaupþryggi kaupanda til muna.

## Finndu stíltvíbura þinn

Þar sem hver seljandi er með eigin síðu er alls ekki ólíklegt að þú finnr þér uppáhalds seljanda sem selur nær eingöngu flikur sem passa fullkomlega að þínum persónulega stíl og eru enn fremur í þinni stærð.

## Fatasala.is: Hvar sem er, hvenær sem er

Snilldin við Fatasala.is er sú að seljandi og kaupandi þurfa ekki að vera í beinum samskiptum, eins og er raunin á flestum sölusíðum. Seljandi þarf ekki að standa í hálfkláraðri sölu, kaupendum sem sækja ekki vörur eða að fá ókunnugt fólk heim til sín.

Kaupandi fær allar nauðsynlegar upplýsingar í versluninni og kaupir vöruna í gegnum fatasölusíðuna. Þá fær seljandi tilkynningu um sölu, fer í næsta pósthús og sendir vöruna á pósthús nærri kaupanda eða póstkörfu, hvert á land sem er. Í janúar verður svo hægt að sækja pantanir innan höfuðborgarsvæðisins í vöruhúsi. Þá fer seljandi með seldar vörur í vöruhúsið og í kjölfarið fær kaupandi tilkynningu um að hann geti sótt þangað keyptar vörur.

Ferlið er einfalt, öruggt og þægilegt bæði fyrir seljanda og kaupanda. Fatasala.is tekur 15% sölubóknun af hverri sölu sem framkvæmd er í gegnum sölusíðuna. Ef upp koma einhver vandamál með kaup eða sölu, þá tekur Fatasala.is að sér að greiða úr þeim með þeim leiðum sem henta hverju sinni.

Komdu og skoðuðu úrvalið á [fatasala.is](http://fatasala.is)

Fylgstu með á Facebook: [Fatasala.is](https://www.facebook.com/fatasala.is)  
Instagram: [@fatasala.is](https://www.instagram.com/fatasala.is)

**Það er ýmislegt í jólahaldinu sem getur verið gæludýrum hættulegt:**

Jólastjarna (blóm)  
 Vatnið af jólatrénu  
 Súkkulaði, vínber og rúsínur  
 Elduð bein  
 Reyktur og saltaður matur  
 Pakkabönd á jólapökkunum  
 Kertaskreytingar

Get Off-sprey – Er hundurinn eða kötturinn að missa sig yfir jólatrénu og pökkunum? Þá mælum við með Stop Indoor-spreyinu til þess að fæla dýrið frá trénu.



GÆLUDÝR.IS:

# Gæludýrin og jólin



Ingibjörg Salóme hefur rekið verslanir Gæludýr.is í að verða 10 ár og hefur séð ýmsar breytingar í jólavendum gæludýraeigenda. Við sjáum það sífellt betur hversu mikill hluti af fjölskyldunni gæludýrin eru að verða. Eigendur vilja aðeins það besta fyrir þau og leggja metnað í að finna fyrir dýrin jólagjafir og einhverja ljúffenga jólasteik.

**Aðventan**

Flest þekkjum við frá barnæsku hversu erfitt getur verið að biða eftir jólnum og hve gaman er að eiga jóladagatal sem styttr okkur biðina. Við erum með, þriðja árið í röð, jóladagataölin frá Trixie fyrir hunda og ketti en þau hafa svo sannarlega slegið í gegn hjá okkur. Þau eru á frábæru verði og eru fyllt með góðgæti fyrir dýrin. Dýrin hafa vissulega enga hugmynd um aðventuna en þau eru fljót að læra að dagatalið þýðir gotteri!

**Jólagjöfin**

Síðustu árin höfum við séð það aukast mjög að dýraeigendur gefi gæludýrunum

jólapakka. Einnig hefur á sama tíma aukist að ættingjar sem ekki eiga dýr komi til okkar og kaupi smá jólapakka fyrir dýrin í fjölskyldunni. Ömmur og afar, frænkur og frændur sem almennt koma ekki í dýrabúðir koma hingað og fá aðstoð við að velja smápakka fyrir dýrin svo þau fari nú ekki í jólaköttinn. Það sem eigendur eru oftast að kaupa eru jólavörur eins og t.d. jólasokkar eða litlu jólapakkarnir sem við erum með, en einnig kaupa þeir mikið heilaprautir og leikföng eða tuskudýr. Meirihluti starfsfólksins hjá okkur á gæludýr og hefur verið afskaplega duglegt að prófa vörur þegar við fáum inn spennandi nýjungar og getur því verið til aðstoðar þegar finna þarf réttu jólagjöfina.

**Afþreying meðan á borðhaldi og boðum stendur**

Við þekkjum það flest sem eigum hunda að þeim finnst yfirleitt maturinn okkar mjög

áhugaverður. Við sjáum meira og meira að eigendur vilja finna eitthvað fyrir hundinn sinn að dunda við meðan á jólaborðhaldinu stendur eða á meðan jólaboðin standa yfir. Það sem við höfum fengið hvað jákvæðustu viðbrögðin við er Kong. Það sameinar kosti leikfangs, heilaprautar og nagdóts á sama tíma og það er ótrúlega sterkt. Kong-ið má fylla með ýmsum fyllingum (blautfóðri, hundanammi) og er mjög sniðugt að græja í það góða fyllingu og smella svo í frystinn til að eiga þegar á þarf að halda. Kong má svo fara í uppþvottavél svo lítið vesen er að halda því hreinu og er einnig til fyrir ketti og smádyr. Önnur útgáfa af heilapraut og leikfangi eru Snack Snake-snákarnir og Lick N Snack-sleikiplatan. Þessi leikföng ásamt Kong hvetja hunda og ketti til þess að sleikja, sem hjálpar þeim að losa um spennu. Hægt er að gera þrautirnar erfðari með því að stinga þeim fylltum í frystinn svo þær eiga að henta öllum hundum og köttum.

**Jólasteikin fyrir hundinn og köttinn**

Fleiri og fleiri eru farnir að kaupa gott í jólamatinn fyrir gæludýrin á heimilinu. Fyrir smádyrin eru oftast keyptar nammistangir en fyrir hunda og ketti verður yfirleitt fyrir valinu einhver ljúffengur blautmatur. Það blautfóður sem sló í gegn í fyrra hjá okkur var Pussy Deluxe fyrir kisurnar og Meatlove fyrir hundana. Báðar fóðurtegundirnar koma frá Þýskalandi og eru eldaðar við lágan hita undir þrýstingi til þess að viðhalda sem best næringarefnum og sem besta bragðinu. Engin aukaefti eru í fóðrinu og þar sem það er til í nokkrum bragðtegundum ættu bæði gikkir og dýr með fæðuóþol að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Við sjáum svo meira og meira af því að hundarnir fái stórt og veglegt jólabein til að smjatta á eftir matinn til þess að þeir séu síður líklegir til að fara smjatta á jólapökkunum.

**Nánari upplýsingar á vefsíðu Gæludýr.is**



# Tónskóli Hörpunnar tvítugur í ár

**T**ónskóli Hörpunnar var stofnaður árið 1999 og varð því 20 ára á þessu ári og var afmælinu fagnað með glæsilegum tónleikum í Grafarvogskirkju í apríl. Þar komu fram nemendur ásamt núverandi og nokkrum fyrrverandi kennurum tónskólans.

## Jólatónleikar nemenda

Nú er komið að árlegum jólatónleikum Tónskóla Hörpunnar. Tónleikarnir verða haldnir 9., 10. og 11. desember kl. 18.30 og 19.30. Þeir eru haldnir í kirkjuselinu í Borgum í Spönginni þar sem allir nemendur skólans koma fram. Allir gestir eru velkomnir og enginn aðgangseyrir.

## Kennsla innan veggja grunnskólanna á skólatíma

Síðan tónskólinn var stofnaður hefur eitt og annað breyst. Skólinn hefur flutt í stærra og betra húsnæði, nemendum hefur fjölgað og við höfum tekið upp kennslu innan veggja grunnskólanna þar sem við kennum á morgnana. Í vetur förum við í átta skóla en það eru Kelduskóli Vík og Korpa, Vættaskóli Engi og Borgir, Húsaskóli, Sæmundarskóli, Ártúnsskóli og Háaleitisskóli í Álftamýri.

## Fjölbreytt hljóðfæraflóra

Tónlistarnám styður við allt annað nám og rannsóknir sýna að þeir sem stunda ungir tónlistarnám búa að því alla ævi. Fyrir utan hvað tónlist veitir mikla gleði í lífi hvers og eins. Við erum aðallega með nemendur á grunnstigi og nokkra á miðstigi. Það eru allir velkomnir í Tónskóla

Hörpunnar og enginn er of gamall til að hefja tónlistarnám. Tónlistarnám er ekki bara fyrir útvalda heldur ættu allir að fá tækifæri til að kynna tónlist einhvern tímann á lífsleiðinni. Fyrir nemendur sem hafa áhuga á að hefja tónlistarnám er margt í boði. Við kennum á píanó og gítar sem eru vinsælustu hljóðfærin. Einnig kennum við söng, á fiðlu, þverflautu, saxofón, bassa, trommur, harmoníku og svo blokkflautu í forskólanum.

## Sumir hefja nám um áramót

Tónskóli Hörpunnar er staðsettur í Spönginni sem er í hjarta Grafarvogs. Það er afar góð staðsetning fyrir nemendur sem búa í Engja-, Víkur-, Borgar- og Rimahverfi, enda er stutt fyrir þá að ganga í tónskólann. Skólinn gefur nýjum nemendum tækifæri til að hefja nám um áramót. Innritun fer fram á vef borgarinnar Rafræn Reykjavík.

Innritun fyrir vorönn 2020 er hafin á vefnum [rafræn.reykjavik.is](http://rafræn.reykjavik.is). Nánari upplýsingar má nálgast á [harpan.is](http://harpan.is) eða í síma 567-0399. Vefpóstur: [harpan@harpan.is](mailto:harpan@harpan.is)





# HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR PRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum  
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir  
íbúðir í skammtímaleigu





Hver sigaretta sem þú sleppir er sigur

# Viltu hætta eða minnka tóbaksnotkun?

**Z**onnic pepparmint munnholsúði er skjótvirk hjálp gegn reykingalöngun. Zonnic munnholsúði inniheldur 1 mg af nikótíni í hverjum úða og er ætlað til meðferðar við tóbaksfíkn og auðveldar þannig fólki að draga úr eða hætta tóbaksnotkun.

„Þegar reykingalöngunin er mikil getur verið gott að fá hjálp sem fyrst. Zonnic nikótínúði er með piparmintubragði og gefur virkni á aðeins einni mínútu,“ segir Sigrún Sif Kristjánsdóttir lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Úðaglasíð er lítið og með úðastúti sem beinir nikótínúðanum á milli kinnar og tanna þar sem nikótíníð frásogast inn í líkamann.“

Meðferð með Zonnic pepparmint kallast uppbótarmeðferð með nikótíni. Zonnic pepparmint dregur úr fráhrarfseinkennum nikótíns, einkennum sem fólk getur fengið við að hætta eða draga úr reykingum.

„Þegar þú hættir snögglega að útvega líkamanum nikótín úr tóbaki getur þú fundið fyrir ýmis konar vanlíðan sem kallast fráhrarfseinkenni“ upplýsir Sigrún Sif. „Með því að nota Zonnic pepparmint getur þú komið í veg fyrir eða dregið úr þessari vanlíðan og löngun til að reykja. Það er vegna þess að þú heldur áfram að útvega líkamanum lítið magn af nikótíni í stuttan tíma.“

## Hættu á þínum hraða

Zonnic pepparmint munnholsúði hjálpar bæði þeim sem vilja hætta alveg að reykja og þeim sem vilja draga úr reykingum og skiptir þá máli að hafa í huga að hver sigaretta sem sleppt er að reykja er sigur. Þar sem mjög hátt hlutfall þeirra sem reyna að hætta reykingum

hefur aftur tóbaksnotkun er mikilvægt að hver og einn taki ferlið á sínum hraða – sleppi einni sigarettu í einu.

## Auðfánlegt

Zonnic pepparmint munnholsúði er til sölu í öllum apótekum. Minnsta



Zonnic pepparmint munnholsúði er nikótínúði sem virkar á 1 mínútu!



Sigrún Sif lyfjafræðingur hjá LYFIS

pakkning lyfsins fæst einnig í fjölda verslana og bensinstöðva. Zonnic pepparmint er á góðu verði.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).

- Virkar á einni mínútu
- Með piparmintubragði
- Á góðu verði
- 40, 200 eða 400 (2x200) úðaskammtar í pakkningu

## Hvernig á að nota Zonnic pepparmint?

Úðastútnum er snúið til hliðar og beint á milli kinnar og tanna og úðað. Þegar reykingalöngun gerir vart við sig á að úða 1-2 sinnum í senn. Hámarksskammtur er 64 úðar á dag.

**JBL** BLUETOOTH  
HEYRNARTÓL



VERD... 7.495

Russell Hobbs  
SALT- OG PIPARKVÖRN



2 stk - Keramik malari

FULLT VERD ..... 6.995  
JÓLATILBOD .... 5.995



HOMELINE HELIOS  
FLÖKTANDI LJÓS

Lampar með 60  
LED perum sem  
líkja eftir eldi.

2 litir

VERD.....4.995



PHILIPS  
RAKVÉL

HLEÐSLU  
RAKVÉL

1000 sería

VERD.....6.995



**GEORGE FOREMAN**  
HELSUGRILL



1650W

VERD..... 9.995

CILIO **OSTAHNÍFAR**  
4STK Í TRÉKASSA



VERD.....3.995

# JÓLABÚÐIN ÞÍN byggto**g**búið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS



EVA TRIO  
SÓSUPOTTUR

1,1 LÍTER

VERD... 9.795



Fissler Paris  
POTTASETT  
5 stk

VERD ÁÐUR...39.995  
JÓLATILBOD ...29.995

**KitchenAid**  
MATVINNSLUVÉL



7 BOLLA  
SVART

VERD ÁÐUR...22.995  
TILBOD ..... 17.995

LE CREUSET CERISE **PÖNNUSETT**

24 og 28cm TNS



VERD ÁÐUR...44.995  
TILBOD .....24.995



LE CREUSET  
CERISE  
SKAFTPOTTUR

FULLT VERD ... 24.995  
JÓLATILBOD .. 16.995

OBH NORDICA  
POPPVÉL

BIG  
POPPER

VERD.....8.995



**JBL CHARGE4**  
VEÐURVARINN  
BLUETOOTH  
HÁTALARI

Margir litir

VERD... 24.995

LE CREUSET CERISE  
ELDFÖST MÓT



3 litir

26+32cm 2stk

VERD ÁÐUR... 15.995  
JÓLATILBOD .... 9.995

KELA **STEIKARSTEINN** GUSTO



VERD... 11.995

ARIETE  
PIZZAOFN

Ekta pizza  
á örfáum mínútum!

VERD... 15.995



Dolce Gusto kaffivélar  
**JÓLATILBOD**



FULLT VERD ... 10.995  
JÓLATILBOD .... 7.995

# Ástin spyr ekki um aldur

Ástin er eins og sinueldur og oft verður mikið bál af litlum neista. Ástin spyr ekki um stað og stöðu – ekki heldur um aldur. Fólk nær saman óháð því hver fæðingardagur þess er og lætur ekki á sig fá þótt annað fólk slúðri um aldursmuninn. Hér eru nokkur pör sem sanna að aldur er bara tala á blaði og stjórnar ekki málefnum hjartans.



**Michael Douglas og Catherine Zeta-Jones: 25 ár** Þótt 25 ár aðskilji leikkonuna og leikarann þá vill svo heppilega til að þau eiga sama afmælisdag – þann 25. september. Það kynntist á kvikmyndahátíð árið 1996. Þremur árum síðar fór Michael á skeljarnar, aðeins mánuði eftir að skötujuín staðfestu að Catherine væri ólétt. Leikkonan fæddi soninn Dylan í ágúst árið 1999 og leikarahjónin gengu upp að altarinu í nóvember árið 2000. Þau skildu að borði og sæng um skeið árið 2013 en fundu fljótt aftur á starneistann sem sameinaði þau í upphafi.



**George og Amal Clooney: 17 ár** Það kom mörgum í opna skjöldu þegar einn eftirsóttasti piparsveinn heims, leikarinn George Clooney, tilkynnti trúlofun sína og mannréttindalögfræðingsins Amal, sem þá var Alamuddin, árið 2014. Hann var þá 52 ára en hún 35 ára. Þau gengu í það heilaga stuttu síðar, um ári eftir að þau kynntust, og eignuðust tvíburana Ellu og Alexander í júní árið 2017.



**Alec og Hilaria Baldwin: 26 ár** Skötujuín kynntust í febrúar árið 2011 og færðist fljótt mikil alvara í sambandið. Á fyrstu fimm mánuðum sambandsins fluttu byrjuðu þau að búa saman, byrjuðu að ihuga brúðkaup og barneignir og giftu sig loks. Þau eiga fjögur börn saman, en Hilaria hefur talað mjög opinskátt um fósturmissi á samfélagsmiðlum.



**Sarah Paulson og Holland Taylor: 31 ár** Sögusagnir um að leikkonan Sarah Paulson, þá 41 árs, væri að slá sér upp með goðsögninni Holland Taylor, þá 72 ára, kvisuðust árið 2015. Sarah staðfesti þennan orðróm í viðtali við New York Times árið 2016. Þær eru enn saman þrátt fyrir alls konar ljótt umtal um aldursmuninn. Sönn ást á ferð.



**Ellen DeGeneres og Portia de Rossi: 15 ár** Sjónvarpsstjórurnar tvær byrjuðu að slá sér upp árið 2004 og fóru að búa saman ári síðar. Þær giftu sig síðan árið 2008 og hafa verið saman allar gótur síðan, en Ellen er fimmtán árum eldri en Portia.



**Emma Heming og Bruce Willis: 23 ár** Emma og Bruce giftu sig árið 2009 og eiga tvær dætur saman.



**Rod Stewart og Penny Lancaster: 26 ár** Goðsögnin Rod Stewart kvæntist fyrirsætunni Penny Lancaster árið 2007. Penny er þriðja eiginkona Rods, sem er 74 ára. Penny er hins vegar 48 ára. Penny og Rod eiga tvo syni saman, Alastair og Aiden. Rod á sex önnur börn úr fyrri hjónaböndum.



**Harrison Ford og Calista Flockhart: 22 ár** Leikarinn og leikkonan hittust fyrst á Golden Globe-verðlaunahátíðinni árið 2002. Þá var Harrison sextugur og Calista 38 ára. Ástin kviknaði og þau slógu sér upp í sjó og hálf á áður en Harrison bað Calistu árið 2009. Þau giftu sig síðar sama ár og hafa ættilt einn son saman, þessir kærur Íslandsvinir.



**Alexis Roderick og Billy Joel: 33 ár** Tónlistarmaðurinn Billy Joel kvæntist í fjórða sinn árið 2015 og var Alexis sú heppna. Hjónin eignuðust dótturina Delli Rose árið 2015 og dótturina Remy Anne tveimur árum síðar.



**Elliot Spencer og Stephen Fry: 30 ár** Sjónvarpsstjarnan Stephen er rúmlega sextugur en ljósmyndarinn Elliot er 32 ára. Skötujuín kynntust árið 2014 og smullu saman. Ári síðar giftu þeir sig.



**Jason Statham og Rosie Huntington-Whiteley: 20 ár** Leikarinn Jason Statham, 52 ára, og Rosie, 32 ára, byrjuðu saman árið 2010 og trúlofuðu sig í janúar árið 2016. Stuttu síðar tilkynntu þau að þau ættu von á sínu fyrsta barni og fæddist þeim sonurinn Jack Oscar Statham í júní árið 2017.

**Jólagjöfin fyrir gæludýrið fæst hjá okkur**

**gæludýr.is**

Fiskislóð • Bildshöfði • Smáratorg • Helluhraun  
www.gaeludyr.is



# ÖRYGGISHNAPPUR SECURITAS

## ÖRYGGI ÖLLUM STUNDUM

Með öryggishnapp Securitas um úlnið eða háls eykur þú öryggi þitt ef eitthvað kemur upp á. Þú býrð við meira öryggi á heimilinu og aðstandendum líður betur að vita af þér í öruggum höndum.

Þú ýtir á hnappinn, boðin berast samstundis til stjórnstöðvar Securitas þar sem þú færð samband við sérþjálfað starfsfólk. Öryggisverðir Securitas með EMR þjálfun eru alltaf á vakt og bregðast hratt og örugglega við.

Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma 580 7000 og kynntu þér kosti öryggishnappsins og hvaða annan öryggisbúnað hægt er að hafa með honum.



 **SECURITAS**

Sími 580 7000 | [www.securitas.is](http://www.securitas.is)

# SAKAMÁL



# VARGUR Í VÉUM

■ **Kærasti Suzönu hlaut ekki náð fyrir augum foreldra hennar** ■ **Mikill auður freistaði** ■ **Launráð voru brugguð** ■ **Hjónarúmið reyndist banabeður**

**S**uzane Louise Frein von Richthofen fæddist 3. nóvember árið 1983. Suzane er brasilísk en á þó ættir að rekja til Þýskalands því faðir hennar hét Manfred Albert Freiherr von Richthofen, en móðir hennar, Marisia von Richthofen (Marisia Abdalla) var brasilísk og af líbönsku bergi brotin.

Þann 31. október, árið 2002, fékk Suzane hjálp kærasta síns og bróður hans til að koma foreldrum hennar fyrir kattarnef. Réttáð var yfir Suzönu í Sao Paulo í júlí árið 2006.

## Áhöld um vensl

Faðir Suzönu var forstjóri ríkisfyrirtækis sem sá um uppbyggingu þjóðvega í landinu, en móðir hennar var geðlæknir. Einn yngri bróður á Suzane, Andreas Freiherr von Richthofen, en hann kemur ekki mikið við sögu þessa.

Sjálfur fullyrkti Manfred að hann væri bróðursonur Manfreds von Richthofen, þess fræga flugmanns sem gerði garðinn frægan í fyrri heimsstyrjöldinni og varð þekktur sem Rauði baróninn.

Einhver áhöld virðast þó vera um þau vensl og hefur þýska von Richthofen-fjölskyldan vísað öllum slíkum fullyrðingum til föðurhúsanna.

## Átakalítil tilvera

En nú vikur sögunni aftur að Suzönu og forsögu hennar. Eftir að hafa útskrifast úr menntaskóla fór Suzane í lögfræðinám í Pontificia Universidade Católica. Henni var lýst sem hamingjusamri konu, en eilítið feiminni og á þeim tíma bar ekki skugga á samband hennar við hvorki foreldrana né yngri bróður hennar.

Sumarið 1999 byrjaði Suzane að æfa brasilískt jiu-jitsu og þar kynntist hún Daniel Cravinhos de Paula e Silva, sem varð kærasti hennar og síðar sökunautur.

## Myrt í rúminu

Það var langt liðið á kvöldið 31. október, 2002, þegar Suzane kannaði hvort foreldrar hennar væru komnir í draumalandið. Hún hafði skipulagt að myrða þau svo mánuðum skipti og sá þetta kvöld að leiðin ætti að verða greið.

Suzane aftengdi þjófavarnarkerfið og opnaði fyrir kærasta sínum og bróður hans, Christian, en þeir höfðu beðið þolinmóðir fyrir utan. Cravinhos-bræðurnir fóru upp á efri hæðina og inn í svefnherbergi foreldra Suzönu. Bræðurnir börðu Manfred og Marisiu í höfuðið með járnörri og notuðu síðan handklæði til að kyrkja þau. Meðan á þessu gekk beið Suzane í stofunni niðri. Þegar bræðurnir komu niður settu þremmenningarnir á svið innbrot. Þau stungu í vasa sína því fé sem þau fundu, dreifðu dagblöðum um bókaherbergið og rusluðu að lokum til á heimilinu.



Í járnum Frelsi án fyrirhafnar varð Suzönu dýrkeypt.

„Sagði hann að Suzane væri „persónugerving illu ljóskunnar““

um og bróður hans, Christian, en þeir höfðu beðið þolinmóðir fyrir utan. Cravinhos-bræðurnir fóru upp á efri hæðina og inn í svefnherbergi foreldra Suzönu. Bræðurnir börðu Manfred og Marisiu í höfuðið með járnörri og notuðu síðan handklæði til að kyrkja þau. Meðan á þessu gekk beið Suzane í stofunni niðri. Þegar bræðurnir komu niður settu þremmenningarnir á svið innbrot. Þau stungu í vasa sína því fé sem þau fundu, dreifðu dagblöðum um bókaherbergið og rusluðu að lokum til á heimilinu.

## Glæpurinn „uppgötvaður“

Þau yfirgáfu síðan vettvang glæps-

ins og Suzane og Daniel fóru á hótél, en Christian fór á skyndibitastað. Í morgunsárið fóru Suzane og Daniel á internetkaffihús þar sem 15 ára bróðir Suzane, Andreas, hafði varið nóttinni við tölvu. Þau héldu heim og „uppgötvaðu“ þá hinn hræðilega glæp sem hafði verið framinn.

Þau biðu ekki boðanna og hringdu umsvifalaust á lögregluna og upplýstu hana um þeirra útgáfu. Lögreglan reyndist ekki auðgint og var ekki reiðubúin til að gleypa við innbrotsgáfurni. Taldi lögreglan líklega að einhver nákominn fjölskyldunni væri viðriðinn glæpinn og hóf að yfirheyrja börnin og fleira fólk.

## Óviðeigandi hegðun

Það sem kom lögreglunni spánskt fyrir sjónir var ekki fyrst og fremst vettvangurinn með aftengt þjófavarnarkerfi og dagblöðum á við og dreif, líkt og þeim hefði verið stillt upp.

Nei, það var viðmót Suzönu, sem virtist einstaklega róleg þrátt fyrir allt og allt. Daginn eftir morðið lék hún sér í sundlaug fjölskyldunnar með Daniel og síðar meir, nokkrum klukkustundum eftir að foreldrar hennar voru jarðsett, hélt upp á 19 ára afmæli sitt með pomp og prakt.

Því ákvað rannsóknarlögreglan að beina sjónum sínum að

Suzönu og Daniel og fylgjast með ferðum þeirra.

## Upp komast svik

Lögreglan uppskar árangur erfiðis síns nokkrum dögum síðar þegar Christian keypti mótörhjól sem hann greiddi fyrir með 100 dala seðlum. Þann 9. nóvember voru þau öll handtekin; Christian, Daniel og Suzane og ekki leið á löngu þar til Suzane játaði allt saman.

Nú, tíminn leið og í maí, árið 2005, úrskurðaði Hæstiréttur að Suzönu skyldi sleppt úr varðhaldi á grundvelli „habeas corpus“ og henni var gert að bíða réttarhaldi í stofufangelsi á heimili sínu.



Heilinn á bak við ódæðið Suzane naut liðsinnis kærastans.



Premeningarnir F.v. Christian, Daniel og Suzane.

## Bræðurnir börðu Manfred og Marisiu í höfuðið með járnröri og notuðu síðan handklæði til að kyrkja þau



Á gleðistund Fljótt skipast veður í lofti í samskiptum fólks.

### Ástamál og auður

Ástæður ódæðisins voru ekki flóknar. Þar lék stórt hlutverk ósætti Suzönu og foreldra hennar vegna kærastans Daniels og

kannski ekki síður auður foreldra Suzönu, sem var töluverður.

Til að byrja með fundu foreldrar Suzönu, sambandi hennar og Daniels ekkert til foráttu.

Það breyttist þó þegar Manfred og Marisia uppgötvuðu að Daniel neytti marjúana nánast daglega og ekki bætti úr skák að hann kom úr lægri stétt og var afar frábitinn hvoru tveggja námi og vinnu.

Í júlí, árið 2002, stakk Suzane upp á því að foreldrar hennar keyptu handa henni íbúð svo hún og Daniel gætu búið saman. Við það var ekki komandi og sagði faðir hennar að hún gæti gert það sem henni sýndist, en það yrði þá fyrir hennar eigið fé.

### Fé og frelsi

Þar stóð sennilega hnífurinn í kúnni, því auður foreldra Suzönu

var metinn á 17 milljónir Bandaríkjadala, sem rynnu til Suzönu ef foreldrar hennar tækju upp á því að deyja.

Saksóknarinn, Roberto Tardelli, sagði að Suzane vildi „komast yfir fé og eignir foreldra sinna“ og að hún hefði „viljað frelsi og sjálfstæði án þess að hafa fyrir því“.

Margt fleira var sagt og Daniel fullyrkti að Manfred hefði níðst líkamlega á Suzönu, en sjálf vísaði hún fullyrðingu hans á bug. Einnig var því haldið fram að foreldrar Suzönu hefðu glímt við áfengisfíkn, en ekkert fannst sem studdi þá fullyrðingu.

### Ásakanir á báða bóga

Réttarhöldin yfir Suzönu, Daniel og Christian hófust 5. júní, 2006, en var síðan frestað til 17. júlí. Ákæran hljóðaði upp á morð og Suzane skellti skuldinni á Daniel, en hann og Christian sögðu að þeir hefðu framið ódæðið að hennar áeggjan.

Saksóknarinn sagði að Suzane væri „heilinn“ að baki glæpnum og krafðist 50 ára dóms fyrir hvert og eitt þeirra. Sagði hann að Suzane væri „persónugerving illu ljóskunnar.“

Þann 22. júlí, 2006, fékk Suzane 40 ára fangelsisdóm. Daniel fékk einnig 40 ár en Christian fékk 38 ára dóm. ■



# Eiginkonan, börnin og nágrannarnir vissu ekki um leyndarmál hans

■ John Wayne Gacy skemmti öllum í gervi trúðsins Pogo  
■ Undir skemmtilegu yfirborði lá grimmd og illska

Kristján Kristjánsson  
ritstjorn@dv.is



John Wayne Gacy heillaði alla þegar hann brá sér í hlutverk trúðsins Pogo. En á bak við yfirborð trúðsins leyndist einn skelfilegasti raðmorðingi sögunnar. Flestir héldu að hann væri hress, kátur og gjafmildur maður. Hann var virkur í stjórnmalastarfi og kom oft fram í trúðsgervinu og skemmti börnum í heimabæ sínum, Norwood Park í Illinois í Bandaríkjunum. Hann var einnig iðinn við að skipuleggja samkomur fyrir nágranna sína þar sem hann skemmti börnunum með blöðrum og bröndurum.

„Ég segi alltaf að það hræðilega við Gacy var að hann var alls ekki hræðilegur,“ sagði Sam Amriante, verjandi hans, í samtali við Chicago Tribune. Amriante var verjandi Gacy á áttunda og níunda áratugnum.

„Hann gat verið bróðir allra, faðir, frændi. Hann var alls ekki hræðileg manngerð nema þegar hann skipti skyndilega úr því að vera hlýr og heillandi yfir í að vera sá morðingi sem hann var,“ sagði Amriante um þennan fyrrverandi skjólstaðing sinn.

Óhætt er að segja að fólki hafi brugðið illa við þegar Gacy játaði að hafa pyntað, nauðgað og myrt að minnsta kosti 33 unglingspilta og unga menn. Mörg líkanna hafði hann falið í kjallara sínum. Þegar kjallarinn var orðinn fullur af líkum henti hann þeim í á nærri heimili sínu.

„Hann leit á fórnarlömb sín sem rusl. Hann hafði engar tilfinningar í þeirra garð,“ sagði Amriante.

Bandarískir fjölmiðlar gáfu Gacy viðurnefnið „The Killer Clown“ (Drápstrúðurinn). Hann er sagður hafa verið innblástur

rithöfundarins Stephens King að bókinni „It“ sem kom út 1986. Bókin fjallar um trúðinn „Pennywise“ sem laumast um holræsa-kerfi og drepur og limlestir börn.

## Fagurt yfirborð

Gacy fæddist 1942 í Chicago. Faðir hans, John Stanley Gacy, var áfengissjúklingur og ofbeldisfullur. Hann lamdi Gacy og systkin hans reglulega. Móðir barnanna, Marion, fékk einnig að kenna á ofbeldi eiginmannsins reglulega. Gacy átti erfitt með að eignast vini en hann sagði það vera vegna meðfæddis hjartagalla sem gerði að verkum að hann gæti ekki leikið við önnur börn. Hann var einnig í yfirþyngd og var strítt vegna þess.

Um leið og hann varð lög-ráða flutti hann að heiman og lá leiðin til Las Vegas. Hann varð heillaður af hryllingsmyndum og -sögum og dauðinn heillaði hann mikið. Hann fékk vinnu í líkhúsi í Las Vegas og starfaði þar í þrjú mánuði. Þegar lögreglan yfirheyrði hann sagðist hann eitt sinn hafa lagst upp í kistu hjá látnum unglingspilti og látið vel að líkinu klukkustundum saman.

Hann fékk síðan starf hjá skyndibitakedju, seldi skó og stýrði verktakafyrirtæki. Hann tók virkan þátt í stjórnmalum og hitti meðal annars Rosalynn Carter, eiginkonu Jimmys Carter forseta. Hann kvæntist unnustu sinni, Mariynn, 1964 og eignuðust þau Michael og Christine. Allt leit vel út á yfirborðinu enda hafði Gacy mikla hæfileika til að heilla fólk upp úr skónum og stýra því.

„Allir sem hittu John Gacy vissu eitt um hann: Hann var snillingur í að stjórna fólki. Hann gat selt eskimóum ís,“ skrifaði Sam Amriante í bók sem hann skrifaði um Gacy, „John Wayne Gacy: Defending a Monster“.



## Dæmdur í fangelsi

Árið 1968 var Gacy dæmdur í tíu ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn tveimur piltum í Waterloo í Iowa. Hann hafði lokkað piltana heim til hans undir því yfirskini að þeir gætu fengið starf í byggingariðnaðinum. Hann nauðgaði þeim síðan. Hann játaði brot sín og skömmu síðar krafðist Marlynn skilnaðar. Hann sá hana aldrei aftur og heldur ekki börnin.

Eftir aðeins 18 mánuði í fangelsi var hann látinn laus vegna góðrar hegðunar. Hann kvæntist á nýjan leik, Carol, og fluttu þau í hús í Nordwood Park. Carol vissi ekki að þá hafði Gacy stungið unglingspilt til bana í húsinu sem varð síðar sannkallað hryllings-

hús. Hann fékk þá mikinn áhuga á trúðum og lærði að setja upp trúðsgervi með öllu tilheyrandi. Hann skapaði síðan trúðana Pogo og Patches. Hann varð félagi í sirkushóp, Jolly Joker Club, sem kom meðal annars fram á barnasjúkrahúsum.

Með tímanum vöknudu ýmsar spurningar hjá Carol í tengslum við áhuga eiginmannsins á trúðum og dóminn sem hann hafði fengið. Þegar hún fann blað með myndum af nöktum körlum gekk hún á hann og spurði hvort hann væri samkynhneigður. Hann játaði að vera tvíkynhneigður og tæki unga pilta fram yfir konur. Þá var Carol nóg boðið, pakkaði saman og yfirgaf hann.

## Hryllingshúsið

Nú sat Gacy einn og yfirgefinn í húsinu og rann þá mikið morðæði á hann. Hann pyntaði, nauðgaði og myrti tugi unglingspilta í húsinu. Mörg morðanna framdi hann í gervi Pogo. Þegar Carol var yfirheyrð mörgum árum síðar játaði hún að hafa séð Gacy fara með unga pilta inn í bílskúrinn.

Jason Moran lögreglumaður hefur haft það verkefni á undanförunum árum að reyna að bera kennsl á öll fórnarlömb Gacy. Morðin voru framin á sex ára tímabili og mörg líkanna voru svo illa farin að ekki var hægt að bera kennsl á þau. Mörg líkanna voru nánast orðin að engu og engar samsvaranir fundust í

Í dulbúningi  
Sem trúðurinn  
Pogo.





Safnari Gacy safnaði listaverkum með trúðum.



Nánast óteljandi Yfirlitsmynd yfir fórnarlömb Gacy.



Á sama stað Lík drengjanna voru geymd í einni og sömu hvelvingunni meðan á rannsókn málsins stóð.



Grafin upp Íbúð Gacy innihélt dimm leyndarmál.

## Gacy var illmennska holdi klædd. Hann var bara vondur, vondur maður.

tannlæknaskýrslum þegar önnur voru rannsökuð. Moran segir að Gacy hafi oft haldið stór samkvæmi heima hjá sér, oft hafi verið rúmlega 200 manns þar, aðallega ungir piltar.

„Hann var síðasti maðurinn sem þig grunaði að væri raðmorðingi,“ segir Moran.

Við yfirheyrslur sagði Gacy að hann hefði oft lokkað piltana til sín með því að bjóða þeim 50 dollara fyrir að hjálpa honum við „vísindarannsóknir“ eða með því að þeir gætu fengið vinnu hjá verktakafyrirtæki hans. Stundum gaf hann sig út fyrir að vera

lögglumaður sem þyrfti að ræða alvarlega við þá. Um leið og piltarnir komu heim til hans fór í hann í Pogo-búninginn, gaf þeim áfengi að drekka og róandi lyf. Því næst notaði hann það sem hann kallaði „handjárnabragðið“ en í því fólst að fórnarlömbin féllust á að hann setti handjárn á þau. Hann sagði að þegar pyntingunum og nauðgunum var lokið hefði hann bundið enda á allt með því að kyrkja piltana.

### „Trúðar geta komist upp með morð“

Það liðu sex ár áður en sjónir

lögglunnar fóru að beinast að Gacy og það var árvökull móður að þakka. Þann 11. desember 1978 hvarf Robert Piest, 15 ára, skyndilega. Móðir hans, Elizabeth Piest, sagði lögreglunni að hann hefði ætlað að hitta Gacy til að ræða við hann um hugsanlegt starf, vellaunað. Lögreglan komst þá að því að Gacy hafði hlotið fyrrgreindan dóm fyrir kynferðisofbeldi og byrjaði að fylgjast með honum. Þegar lögreglumaður, í dulargervi, ræddi við hann um starf sagði Gacy:

„Trúðar geta komist upp með morð.“

Tíu dögum síðar knúði lögreglan dyra hjá honum og framkvæmdi húsleit, en fann ekkert. Gacy var margoft tekinn til yfirheyrslu og lögreglumenn komu reglulega heim til hans til að reyna að fá svör við hver hefði numið fjölda pilta í Chicago á brott. Þegar lögreglan gerði aftur

húsleit heima hjá honum fann einn lögreglumannanna, Bob Schultz, vonda lykt koma frá viftu inni á baðherbergi. Gacy var þá í yfirheyrslu á lögreglustöðinni en um leið voru lögreglumenn að átta sig á hvað var falið í húsinu.

### Leiðarlök

Þann 22. desember 1978 sá Gacy að nú var hann kominn í blindgötu og að hann gæti ekki sloppið frá þessu. Í yfirheyrslum játaði hann allt og lýsti hvernig hann hefði árum saman ekið um og leitað að ungum piltum sem hann sagði stunda „vændi“ og vera „lygara“. Mörg fórnarlambanna fann hann á strætisvagnastöðvum. Hann lofaði að gefa þeim áfengi, eiturlyf og að þeir fengju rúm til að sofa í. Því næst nauðgaði hann þeim, pyntaði og myrti.

„Gacy var illmennska holdi klædd. Hann var bara vondur, vondur maður,“ sagði einn lögreglumannanna um hann.

Gacy teiknaði upp hvar hann hafði komið líkum fórnarlamba sinna fyrir og játaði að hafa myrt 30 manns síðan 1972.

„Hann gerði uppdrátt; hvar öll líkin voru grafin í kjallaranum. Þegar hann nágaðist lík númer 24, 25 og 26 hugsaði ég bara: „Þessi maður er klikkaður,“ sagði Phil Bettiker, sem yfirheyrði Gacy, í samtali við Chicago Tribune.

Gacy sagði lögreglumönnun-

um að þegar ekki var lengur pláss fyrir lík í kjallaranum hefði hann byrjað að henda þeim í Des Plaines-ána. Lík Roberts Piest var eitt þeirra. Ekki er vitað með vissu hversu marga Gacy myrti en hann neitaði að upplýsa það.

„Þið verðið sjálfir að finna út úr því,“ sagði hann í yfirheyrslu.

### „Kiss my ass“

Í febrúar 1980 hófust réttarhöld yfir Gacy. Hann játaði morðin en krafðist þess að verða úrskurðaður veikur á geði og dæmdur til vistunar á réttargeðdeild.

Ekki var orðið við þeirri kröfu hans og fékk hann 12 dauðadóma og 21 lífstíðarfangelsisdóm. Þetta er þyngsti dómur sem kveðinn hefur verið upp yfir raðmorðingja.

Hús hans var jafnað við jörðu. Gacy byrjaði að mála í fangelsinu, mörg verkanna voru af Pogo, og voru málverk hans sýnd í Chicago og Boston. Sum þeirra seldust fyrir háar fjárhæðir. Gacy sat í 14 ár á dauðadeild í Menard Correctional Center en hann var tekinn af lífi 10. maí 1994 með eitursprautu. Síðasta máltíð hans var fata full af djúpsteiktum kjúklingalærum, jarðarber, franskar og sykurlaus kóladrykkur.

Vitni að aftökunni segja að hinu orð hans hafi verið:

„Kiss my ass.“ ■

## HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

## Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

# Öðruvísi konfekt um jólin

Margir nýta aðventuna til að koma saman og búa til konfekt. Vissulega er gott og gilt að halda í hefðir og gera sama konfektíð ár eftir ár, en stundum er líka dásamlegt að breyta til. Hér eru þrjár konfektuppskriftir sem gætu kitlað nýjungagirninna í lesendum.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is




## Dásamlegt Daim

- 100 g smjör
- 1 bolli sykur
- 2 msk. síróp
- 3/4 bolli saxaðar möndlur
- 200 g mjólkursúkkulaði

### Aðferð:

Takið til kassalaga form sem er um 20×20 sentimetra stórt. Úðið það með bökunarspreyi og klæðið með smjörpappír. Setjið smjör, sykur og síróp í pott yfir meðalháum hita þar til allt er bráðnað saman. Hrærið af og til í blöndunni svo hún brenni ekki við. Náið upp suðu og lækkið síðan hitann. Leyfið þessu að sjóða í fimm mínútur og hrærið stanslaust svo blandan brenni ekki við. Við viljum að sykurinn leysist upp og að liturinn verði dökkbrúnn. Bætið möndlunum út í og látið malla í um mínútu í viðbót. Takið pottinn af hellunni og dreifið í formið. Sléttið úr blöndunni með sleikju og látið kólna í að minnsta kosti klukkustund. Bræðið súkkulaðið og dreifið yfir stökka karamelluna. Brjótið í mola þegar súkkulaðið hefur harðnað. Og borðið!



## Dumle-karamellur

- 1 dós sæt dósamjólk (condensed milk)
- 120 g smjör
- 30 g hunang
- 150 g sykur
- 1 tsk. sjávarsalt
- 250 g mjólkursúkkulaði

### Aðferð:

Takið til form, um 15×15 sentimetra stórt og klæðið það með bökunarpappír. Setjið mjólk, smjör, hunang, sykur og salt í pott og bræðið saman yfir lágum hita. Hrærið stanslaust. Hækkið hitann lítið eitt þegar þið sjáið að sykurinn hefur leyst upp og haldið áfram að hræra í um 10–15 mínútur, eða þar til blandan er farin að líkjast karamellu á litinn. Takið pottinn af hellunni og hellið karamellunni í formið. Leyfið blöndunni að kólna við stofuhita í um hálf tíma og síðan inni í ísskáp í 4 til 5 klukkutíma. Bræðið mjólkursúkkulaðið yfir vatnsbaði eða með 30 sekúndna millibili í örbylgjuofni. Skerið karamelluna í passlega bita og þekið bitana með súkkulaði. Þessar karamellur eru aðeins of gómsætar og alveg eins, jafnvel betri, og ekta Dumle-karamellur. Þær geymast bara í 3 til 4 daga í ísskáp en trúið mér – þær hverfa á örskotstundu!



## Hlaup

- 37 g matarlímsplötur
- 1 bolli kalt vatn
- 1 1/2 bolli sjóðandi vatn
- 4 bollar sykur
- 1/2 tsk. bragðefni (sítrónudropar eru til dæmis dásamlegir)
- matarlitur
- 1 bolli flórsykur

### Aðferð:

Takið til form sem þið ætlið að nota. Ég geri yfirleitt eina uppskrift í stórt, ílangt form sem er um 33 sentimetra langt. Ef þið viljið nota nokkur minni form fyrir mismunandi bragð, þá mæli ég með því að þið hafið aðstoðarhlaupara þar sem maður þarf að hafa hraðar hendur þegar blandan er tilbúin. Svo er auðvitað líka hægt að nota konfektform. Úðið bökunarspreyi í formið/n. Takið til vel stóran pott og leggið matarlímsblöðin í hann. Gott er að brjóta þau upp. Hellið kalda vatninu yfir matarlímið og leyfið þessu að liggja í fimm mínútur. Á meðan sjóðið þið vatnið og hellið því síðan yfir matarlímið. Hrærið vel þar til matarlímið er uppleyst. Blandið sykrinum saman við og hrærið vel.

Setjið pottinn á hellu yfir meðalháan hita. Hrærið stanslaust og náið upp suðu. Lækkið þá hitann eilítið og leyfið þessu að malla í 25 mínútur á meðan þið hrærið stanslaust. Takið pottinn af hellunni og blandið bragðefni og matarlit saman við. Munið hraðar hendur! Hellið blöndunni í formið/n og kælidi í ísskáp í 8 klukkutíma. Varðandi bragðefni þá hef ég keypt fullt af alls konar tegundum í búðinni Allt í köku. Mæli með þeim. Takið hlaupið úr forminu og skerið í litla bita. Veltið þeim upp úr flórsykri og radið á smjörpappír. Setjið síðan aftur inn í ísskáp yfir nótt og þá er hlaupið tilbúið. Reynið að standast þetta!

# Menntastoðir – fjarnám

Nám með minni viðveru en sömu gæðum

Menntastoðir er undirbúningur til áframhaldandi náms og miðar við háskólabrú Keilis og frumgreinadeildir við Bifröst og H.R. Einnig má nýta einingar úr Menntastoðum inn í nám í framhaldsskóla s.s. grunn að iðnnámi.


## Kjörorð Menntastoða MSS eru:

- Framúrskarandi fjarnámskennsla
- Sveigjanleiki í námi, óháð tíma og rúmi
- Metnaðarfull þjónusta og stuðningur við nemendur

Ummæli nemenda:

### **Herdís Ósk Sveinbjörnsdóttir**

Menntastoðir er frábær skóli með frábærum kennurum sem leggja alla sína vinnu í að hjálpa okkur að ná sem bestum árangri og undirbúa okkur fyrir næstu skref í náminu.



### **Særún Lúðvíksdóttir**

Ég tók Menntastoðir í fjarnámi erlendis frá og er það klárlega grunnurinn að þeim árangri sem ég hef náð í mínu námi. Það er mér ómetanlegt hvernig kennararnir hvöttu mig áfram og gáfu mér það sjálfstraust sem ég þurfti til að byrja í námi eftir langt hlé. Ég mæli hiklaust með MSS, nútímalegt námsumhverfi og persónulegt viðmót sem byggir upp og hvetur áfram.



### **Ari Freyr Skúlason**

Það var virkilega gaman að hefja nám á ný, þar sem ég hafði ekki verið í skóla síðan ég var 15 ára. Fór ungur út í atvinnumenskuna í knattspyrnu. Ég mæli klárlega með Menntastoðum. Skipulagið var einfalt og þægilegt.



### **Rúrik Gíslason**

Ég lauk við fjarnám frá Menntastoðum og tilfinningin við að ná þeim áfanga var frábær. Námið í Menntastoðum er frábær grunnur fyrir næstu námsskref og fann ég hvað það kom sér vel að hafa farið í Menntastoðir þegar ég hélt námi mínu áfram eftir útskrift.



Nánari upplýsingar veitir Áslaug Bára  
412 5952 eða á [aslaug@mss.is](mailto:aslaug@mss.is)



# Vonarstjórnur Íslands búa í foreldrahúsum

■ Herra Hnetusmjör byrjaði að leigja í fyrra  
■ Birgir Hákon býr í 300 fermetra einbýlishúsi

Tónlistarþjóðin Ísland hefur getið af sér marga stjórnuna sem hefur ekki aðeins náð hylli landsmanna heldur einnig smitað

frægðarljóma sínum utan landsteinanna. Margar stjórnur skína skært í tónlistinni um þessar mundir og virðist framtíð listgreinarinnar á landinu vera björt.

Því lék DV forvitni á að vita hvernig þessar vonarstjórnur Íslands í tónlistinni búa.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



## Gull fyrir gull



Tónlistarkonan Young Karin (Sveinsdóttir) er skráð til heimilis að Gullsmára í Kópavogi, steinsnar frá Smáralind. Karin er þó ekki skráður eigandi neinnar íbúðar í húsinu né þinglýstur leigusamningur skráður á hana.

## Blómi í egggi

Við Blómvallagötu í hjarta miðbæjarins býr einn heitasti, en jafnframt umdeildasti, tónlistarmaður landsins - Auður. Hann heitir réttu nafni Auðunn Lúthersson og er skráður að Blómvallagötu í Þjóðskrá, þótt hann eigi ekki íbúð í húsinu né sé skráður á leigusamningi sem tilheyrir þessari snotru eign.



## Enginn mórall



Rapparinn Aron Can býr einnig í foreldrahúsum, nánar tiltekið í íbúð móður sinnar í Hverafold í Grafarvogi, hverfinu sem Aron ólst upp í. Um er að ræða tæplega 184 fermetra íbúð og er fasteignamat næsta árs 76,6 milljónir. Enginn mórall þar á ferð.

## Lukkulegur á Lindarbraut

Friðrik Jóhann Róbertsson gengur undir listamannsnafninu Flóni. Hann er með þeim vinsælli í bransanum og býr heima hjá móður sinni að Lindarbraut á Seltjarnarnesi. Fjölskyldan hefur hreiðrað um sig í tæplega 210 fermetra húsi sem keypt var árið 2013 og er fasteignamat næsta árs rúmlega níutíu milljónir.



## BÍLAMERKINGAR



Vel merktur bíll er  
ódýrasta auglýsingin



Sundaborg 1  
104 Reykjavík  
777 2700  
xprent@xprent.is

# Hún sjálf

Tónlistarkonan BRÍET (Ísis Elfar) býr einnig í foreldrahúsum, í íbúð að Laugarnesvegi í Reykjavík sem er í eigu móður hennar. Íbúðin er tæplega 93 fermetrar og fasteignamat næsta árs rúm 41 milljón. Frægðarsól BRÍETAR fer sífellt ofar á stjörnuhimnum eftir að hún gaf út sitt fyrsta lag í byrjun síðasta árs, In Too Deep. Í kjölfarið fékk hún alls kyns gylliboð utan úr heimi en stendur fast á að vera bara hún sjálf, eins og Birgitta Haukdal söng um.



## Nýbyrjaður að leigja

Eins og Herra Hnetusmjör þá sker rapparinn Birgir Hákon sig úr hópi unga tónlistarfólksins því hann býr ekki í foreldrahúsum. Birgir hefur talað opinskátt um baráttu sína við vímuefnafíkn, raunar líkt og Herra Hnetusmjör og Birnir, en byrjaði að leigja raðhús að Brekkutanga í Mosfellsbæ í október síðastliðnum. Húsið er tæplega þrjú hundruð fermetrar og fyrir það borgar rapparinn 180 þúsund krónur á mánuði.



## Þetta má

Herra Hnetusmjör, sem fékk nafnið Árni Páll við skír, byrjaði að leigja í apríl í fyrra með kærustu sinni, Söru Linneth, að Litlagerði í Fossvoginum í Reykjavík. Fyrir það greiða skótu hjúin 190 þúsund krónur á mánuði en íbúðin er tæpir 103 fermetrar og er fasteignamat næsta árs rúmar 44 milljónir. Það er nóg að gera hjá parinu því um þessar mundir undirbúa þau komu síns fyrsta barns, auk þess að Herrann er á kafi í alls kyns jólatónleikum og rapplegði.



## Góðir grannar

Tónlistarkonan GDRN, eða Guðrún Ýr Eyfjörð Jóhannesdóttir, býr í húsi föður síns að Reykjamel í Mosfellsbæ. Um er að ræða fallegt hús sem fellur vel í umhverfið og er tæpir 190 fermetrar. Húsið keypti faðir tónlistarkonunnar árið 1999 en þess ber að geta að aðeins ofar í sömu götu býr herra Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands. Ekki leiðinlegur nágranni.



## Tryggur Kópavogsbúi

Birnir Sigurðarson vakti mikla athygli árið 2017 þegar hann gaf út sitt fyrsta lag, Sama Tíma. Síðan þá hefur hann unnið með mörgum af þekktustu listamönnum landsins og er talinn afspyrnufær í því sem hann gerir. Birnir er úr Kópavoginum og býr með foreldrum sínum á Huldubraut í Kópavogi, einni af flottustu götunum á Kársnesinu. Húsið er rúm 240 fermetrar og er fasteignamat næsta árs tæpar níutíu milljónir.



## Staldrar stutt við

Við Ásvallagötu er að finna afar reisulegt hús, hvítt með rauðu þaki. Þar býr tónlistarkonan Una Schram ásamt foreldrum sínum. Hún stefnir hátt, í tónlistarnám í Englandi og enn meiri lagaútgáfu. Hún staldrar því eflaust stutt við í foreldrahúsum sem er rúm níutíu fermetra íbúð í miðbæ Reykjavíkur.

# Spáð í stjörnunum

Lesið í tarot Vigdísar Hauks

## Föst í fortíðinni

Það er aldrei lognmolla í kringum borgarfulltrúann Vigdís Hauksdóttur. Nýjasta hneykslismálið í borgarstjórn er matarkostnaður

kjörinna fulltrúa. Þá hefur Vigdís einnig munnhöggvist við Pírata og mál er varðar meint einelti hennar gegn starfsmanni ráðhússins er komið á borð siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga. DV fannst því tilvalið að leggja tarot fyrir Vigdís og athuga hvað framtíðin ber í skauti sér. Lesendum DV er bent á að þeir geta dregið tarotspil á vef DV.

### Dulbúin tækifæri

Fyrsta spilið sem kemur upp hjá Vigdís er 5 bikarar. Það táknar mikil vonbrigði með eineltismálið svokallaða, en framvinda þess yfir undir leiða og volæði hjá Vigdís. Þess vegna er hún ekki í jafnvægi þessa dagana og það á afskaplega illa við hana. Ef Vigdís leyfir þessari líðan að ná yfirtökum á annars jákvæðri orku hennar og viðhorfi er hætta á að neikvæðar tilfinningar hennar verði henni þungbærar og magnist í huganum og ýti þar með undir ójafnvægi sem á ekki við Vigdís. Vigdís er ráðlagt að opna hjarta sitt til að eflast og léttu þungum byrðum af öxlunum því það er satt sem þeir segja: Í hverju vandamáli felast dulbúin tækifæri.

### Breytingar í ástalífi

Næst er það Turninn sem táknar sært stolt Vigdísar. Hér er í raun

ítrekað þetta ójafnvægi sem ríkir innra með henni. Svo eru einhverjar breytingar í vændum sem trufla hversdaginn hennar, en hún verður að hafa hugfast að þessar breytingar eru til hins betra. Þessar breytingar tengjast ástalífinu og þær eru erfiðar en jafnframt óhjálkvæmilegar. En stundum þarf að fara yfir erfiða hjalla til að finna hamingjuna. Þessar breytingar koma í kjölfar einhvers tækifæris eða atburðar sem opnar augu Vigdísar fyrir hvernig hún vill hafa líf sitt í raun og veru. Þessi atburður er óþægilegur en nauðsynlegur. Hún fær aðstoð úr óvæntri átt.

### Fjölskyldufortíð

Loks er það Dómurinn - skuggalegt spil sem ber með sér fallegan boðskap. Vigdís hefur nefnilega verið að spá mikið í fortíðina upp á síðkastið. Hún lítur um öxl og sér hvað fór vel og hvað mátti betur fara. Vigdís þarf að hætta að þæla í fortíðinni því hún gerði það sem hún hélt að væri rétt í einu tilteknu máli er varðar fjölskylduna. Nú verður hún að hætta að dvelja í fortíðinni og horfa opnum augum fram á veginn. Nýr kafli bíður Vigdísar og hann er bæði spennandi og gefandi. Breytingar eiga illa við Vigdís og því kvíðir hún einnig þessum breytingum. Allt sem hún rannsakar verður mikilvægt í lífinu og leiðir hana áfram á betri stað. ■



## Nýgift og alsæl - Svona eiga þau saman

Knattspyrnustjarnan Gylfi Þór Sigurðsson og eigin kona hans, athafnakonan Alexandra Helga Ívarsdóttir, hafa verið kærustupar um árabil og gengu í það heilaga í sumar. Hamingjan geislar af þeim sem aldrei fyrr og lék DV forvitni á að vita hvernig þetta fyrirmyndarpar á saman ef lítið er í stjörnumerkin.

Alexandra er Ljón en Gylfi er Meyja. Þetta er áhugaverð þörum að mörgu leyti. Þegar Ljónið og Meyjan kynna fyrst þá finnst þeim þau nefnilega eiga ekkert sameiginlegt og skilja hreinlega ekki af hverju þau laðast að hvort öðru. Þau einblína í rauninni eingöngu á gallana í byrjun. Með tímanum þróast þetta samband og verður firnasterkt þegar bætist í skilning og væntumþykju milli einstaklinganna.

Ljónið og Meyjan eru nefnilega gerólík merki. Ljónið er mjög út á við, ríkjandi í samskiptum við fólk

og afar heillandi. Hins vegar getur skapið oft hlaupið með Ljónið í göngur. Meyjan er hins vegar ekki þekkt fyrir að snöggreiðast. Hún er róleg og yfirveguð en gleymir því aldrei ef þú svikur hana. Meyjan er hins vegar hæfileikaríkari á fleiri sviðum en Ljónið. Þannig að í þessu sambandi eru svo sannarlega árekstrar og misfellur, eins og alls staðar annars staðar, en ástin og umhyggjan er mjög ríkjandi. Hér ríkir gifturleg virðing - eitthvað sem fleiri þör mættu taka sér til fyrirmyndar.

Ljónið og Meyjan geta kennt hvort öðru mikið. Ljónið sýnir meyjunnni hvernig er hægt að skemmta sér konunglega og glæðir líf hennar hvatvísi sem Meyjan er ekki þekkt fyrir. Að sama skapi kennir Meyjan Ljóninu að vera þolinmótt og beisla orkuna á réttan hátt. Þá kennir Meyjan Ljóninu einnig að bera virðingu fyrir þörfum og tilfinningalífi annarra. ■



### Alexandra

Fædd: 9. ágúst 1989

#### Ljón


- áreiðanleg
- þolinmótt
- hagsýn
- ábyrg
- þrjúsk
- á erfitt með málamiðlun

### Gylfi Þór Sigurðsson

Fæddur: 8. september 1989

#### Meyja

- traustur
- ljúfur
- vinnuþjarkur
- hagsýnn
- feiminn
- of gagnrýnn



## Afmælisbörn vikunnar

- **8. desember** Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður, 73 ára
- **9. desember** Evar Þór Benediktsson listamaður, 35 ára
- **10. desember** Sigga Dögg kynfræðingur, 37 ára
- **11. desember** Bryndís Ásmundsdóttir, söng- og leikkona, 44 ára
- **12. desember** Eygló Harðardóttir, fyrrverandi stjórnmalakona, 47 ára
- **13. desember** Guðmundur Torfason knattspyrnukappi, 58 ára
- **14. desember** Guðmundur Ólafsson leikari, 68 ára

## Stjörnuspá vikunnar

Gildir 8. – 14. desember



**Hrútur** - 21. mars–19. apríl

Þú hefur leyft þér að dreyma stórt allt þetta ár en eitthvað hefur vantað upp á framkvæmdina. Það er lítið eftir af árinu, aðeins nokkrar dagar og þú ákveður að enda það með stæl. Þú grefur upp markmiðabókina þína og skráir niður nákvæmlega hvað þú ætlar að gera síðustu daga ársins 2019 og hvernig þú ætlar að hefja 2020 með hvelli.



**Vog** - 23. sept.–22. október

Það er spennandi viðskiptatækifæri í vændum sem heillar þig og gæti krafist þess að þú tækir þér hlé frá hversdagslífinu og legðir land undir fót. Þá er einnig önnur ferð í kortunum hjá þér en sú ferð tengist heimsókn til vinar sem þarf á þinni hjálpi að halda. Þessi aðstoð er í formi stuðnings - ekki peninga.



**Naut** - 20. apríl–20. maí

Þú hefur haldið þig þínulítið til hlés undanfarið og þú virðist ekki fullkomlega átta þig á þínum stað í þessum heimi um þessar mundir. Þú færð gleðilegar fréttir í vikunni og byrjar algjörlega óvænt að skipuleggja langt og skemmtilegt ferðalag. Þetta ferðalag á eftir að endurnæra þig en það er samt ekki alveg á næsta leiti.



**Sporðreki** -

23. október–21. nóvember

Þú ert hreint út sagt uppgefin/n og þarft að komast í langt frí - lengra en jólafríð er. Þú skalt eyða nokkrum af frídögum þínum í að ná að slaka almennilega á á næstunni, áður en þú brennur út. Það er nefnilega svo magnað að þegar maður slakar á þá fær maður aukinn kraft.



**Tvíburi** - 21. maí–21. júní

Það er ekki oft sem hægt er að segja að tvíburi sé í jafnvægi en þú ert svo sannarlega í ágætu jafnvægi um þessar mundir. Þú uppgötvar að hamingja þín stendur og fellur með þér og þú ætlar ekki að leyfa neinum að draga þig niður. Óvæntur gestur setur sinn svip á heimilislífið og það á góðan hátt.



**Bogmaður** -

22. nóvember–21. desember

Það hefur verið gengið hart að þér síðustu vikur og þú ert komin/n að þörmörkum. Hins vegar verður glatt á hjalla hjá þér þessi jól, því annir síðustu vikna hafa gefið vel í aðra hönd og þú nærð að gera vel við þig og þína í mat og drykk. Njóttu þess á meðan það varir og mundu að finna tíma fyrir sjálfa/n þig.



**Krabbi** - 22. júní–22. júlí

Það eru miklar breytingar í lífi þínu um þessar mundir, bæði veraldlegar og andlegar. Tilfinningalíf þitt blómstrar nú um stundir og mun það verða vel nært af ást og hamingju langt fram á næsta ár, og jafnvel enn lengur ef þú heldur rétt á spulnum. Þetta er mikill umbrotatími en allar breytingar jákvæðar.



**Steingeit** -

22. desember–19. janúar

Nú þarft þú að búa þig undir algjörlega æðislega viku elsku steingeit. Það er allt að gerast í kringum þig og þú laðar að þig yndislegt fólk. Einhleypar steingeitur geta átt von á að verða ástfangnar sem aldrei fyrr og það á mjög hvatvísan hátt, sem er algjörlega út úr karakter. En stundum er bara gott að fara út úr boxinu.



**Ljón** - 23. júlí–22. ágúst

Það umlykur þig mikil bjartsýni um þessar mundir. Ef þú hefur verið að hugsa um að gera stórtækar breytingar á lífi þínu, hvort sem varðar heilsuna, einkalífið eða vinnuna, þá kemur þú þessum breytingum af stað, því með jákvæðu hugarfari er allt mögulegt og ekkert verkefni of stórt.



**Vatnsberi** -

20. janúar–18. febrúar

Þú ákveður að lækka þig um einn gir og endurræta hvar þú stendur, enda nálgast áramótin óöflug. Svo virðist sem þú sért að fara að skipta um vinnu eða demba þér í nám. Þú ert allavega að ihuga það alvarlega og virðist sem þú hefir nýja árið á nýjum áherslum og í nýju umhverfi.



**Meyja** - 23. ágúst–22. sept.

Það er mikið að gerast í þínu lífinu núna. Fram til áramóta hrynja tækifærin til þín eitt af öðru. Þú ert alveg á haus en verður að dusta rykið af gleraugnum og skoða þessi tækifæri vandlega. Kannski er nefnilega kominn tími til að breyta til og hefja nýja árið á nýjum stað. Hver veit? Líklegast bara þú.



**Fiskur** - 19. febrúar–20. mars

Þú hefur eytt mikilli orku þetta árið í að klífa metorðastigann. Þú hefur lagt hart að þér og finnst eins og vinnan ætti að vera búin að bera ávöxt. Sú er þau ekki raunin og eru það mikil vonbrigði. Ekki festast í volæði og depurð. Það er heill heimur að bíða eftir þér ef þú opnar hjarta þitt.



[www.krokur.net](http://www.krokur.net)

**522 4600**

# Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þarf þá á verkstæði




**KRÓKUR**

*á þinni leið*

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

# Helgarkrossgátan

|   |        |                   |                    |                      |                  |               |  |                   |                   |           |           |
|---|--------|-------------------|--------------------|----------------------|------------------|---------------|--|-------------------|-------------------|-----------|-----------|
|  |        |                   |                    |                      |                  |               | Teikning:<br>Halldór Andri<br>eftirprentun<br>bönnuð | gleðskapur        | ættinginn         | mál       | fugl      |
|   |        |                   |                    |                      |                  |               | klæða  |                   |                   |           |           |
|   |        |                   |                    |                      |                  |               | mjög   |                   |                   |           |           |
|   |        |                   |                    |                      |                  |               | gljúfri  |                   |                   |           |           |
|   |        |                   |                    |                      |                  |               | 2 eins   |                   | syndug            | nærast    |           |
| ↓   | stúlka | vömbin            | nærðar             | greinir              | heiti            | róa           | 1  |                   |                   |           |           |
| ↘   |        |                   |                    |                      |                  | 7             | ↘  |                   | fóðra             |           |           |
| hæðirnar  |        |                   |                    |                      |                  | barefli       |  |                   |                   |           |           |
| 3 eins  |        |                   |                    | snöggur<br>slanga    |                  |               |  |                   | ílát              | púkana    | 3         |
| fuglinn   |        |                   |                    |                      |                  | reið          |  | fum<br>dýrahljóð  |                   |           |           |
| sortera   |        |                   |                    |                      | ákafar           |               |  |                   |                   |           | trjákvöða |
| ánægju  |        |                   |                    |                      | fól              |               |  |                   |                   |           | 9         |
| krossgátugerð:<br>Bjarni sími:<br>845 2510  |        | 2 eins<br>sæmd    |                    |                      | pysjan           | snikjur       | 4  | álpast<br>álitinn |                   |           |           |
| freri   |        |                   | mjakast<br>kraumar |                      |                  |               |  |                   | frá<br>sigli      |           |           |
| fugl  |        |                   |                    | tiðar                |                  |               |  |                   |                   | frásögnin | 2 eins    |
|   | ↖      |                   |                    |                      |                  |               | ↖  |                   |                   |           |           |
| droll   |        |                   |                    | manaði<br>veislu     |                  |               |  |                   | áflog<br>elgurinn |           |           |
| 6   |        | happ<br>vakín     |                    |                      |                  | áttund        | kropp<br>sárar                                       |                   |                   |           | 2 eins    |
| fánýti  |        |                   |                    | labbið<br>veiðarfæri |                  |               |  |                   |                   |           |           |
| eyðingu   |        |                   |                    |                      |                  |               |  | fram<br>óðagotið  |                   |           |           |
|   | hosa   |                   | bilun              | sólguð               |                  | ambátt        |  |                   |                   | ögn       | sefað     |
| húsgagn   |        |                   |                    |                      |                  | fífl<br>gubba |  |                   |                   |           |           |
| 5   |        | borg<br>eldsneyti |                    |                      | sturli<br>áverki |               |  |                   |                   | kyrrð     |           |
| bergmála  |        |                   |                    | mungát               |                  | miskunna      |  |                   |                   |           |           |
| baktalið  |        | 2                 |                    |                      |                  |               | 8  |                   |                   | til       |           |

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

# Sudoku

## Auðveld

|   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
|   | 2 | 7 | 5 |   |   | 1 |   |
|   | 5 |   | 4 |   | 2 |   |   |
| 8 |   | 1 | 6 |   |   | 2 |   |
| 7 | 3 |   | 8 |   | 5 | 6 | 1 |
|   |   |   |   |   |   |   | 9 |
| 6 | 1 |   | 7 |   |   |   | 8 |
| 1 |   |   |   |   | 8 | 7 | 3 |
| 2 |   |   |   |   | 6 |   |   |
|   | 9 | 3 | 1 | 4 |   | 8 |   |

## Erfið


|   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 |   |   |   |   |   | 9 |
|   | 1 | 7 |   | 6 |   | 2 |   |
|   |   |   | 7 |   | 4 |   | 1 |
|   |   | 1 |   |   | 9 | 7 | 2 |
| 3 | 6 |   |   |   |   | 8 | 9 |
|   |   | 8 |   |   |   |   |   |
|   |   | 5 |   | 1 | 2 |   |   |
| 9 |   |   | 8 | 4 |   |   | 5 |

# Verðlaunagáta

**Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.**  
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið [krossgata@dv.is](mailto:krossgata@dv.is)



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...  
**Brýndís Anna Hauksdóttir**  
**Ægisgötu 1 Dalvík**  
Lausnarorðið var **TÓMATSÓSA**  
**Brýndís hlýtur að launum bókina Sagan af Washington Black**



Vinningsbók er hægt að nálgast á skrifstofu DV að Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík

**Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókin Gamlinginn sem hugsaði með sér að hann væri farinn að hugsa of mikið**

Gamlinginn sem hugsaði með sér að hann væri farinn að hugsa of mikið er sjálfstætt framhald af hinni geysivinsælu bók Gamlinginn sem skreiddi út um gluggann og hvarf. Allan Karlsson dvelur á Balí með Julíusi vini sínum sem býður honum í skemmtiferð í loftbelg á hundrað og eins árs afmælisdaginn. Sú ferð á bara að taka dagsstund en fyrr en varir er gamli maðurinn orðinn heimsþekktur kjarnorkuvopnasérfræðingur í þjónustu Kims Jong-un, leiðtoga Norður-Kóreu. Og það er bara byrjunin, áður en yfir lýkur hefur hann haldið fundi bæði með Donald Trump og Angelu Merkel og austur í Rússlandi fylgist Vladimir Pútín agndofa með afrekum hans!  
Höfundur: Jonas Jonasson, Nanna B. Þórsdóttir þýddi



# MERINO ULLARNÆRFÖT

OLYMPIA 



Bolur  
kr. 6.290



Buxur  
kr. 5.690

  
**FRÍ**  
**HEIM**  
**SENDING**  
**Á ÖLLUM VÖRUM**  
**FRAM AÐ**  
**JÓLUM**



Bushnell Prime 10x42  
kr. 37.900



Orvis Carry It All taska  
kr. 27.900



Orvis Encounter fluguveiðiset  
kr. 29.900



Pursuit X Bakpoki  
með byssufestingu  
kr. 28.900



Ranger X dagpoki  
kr. 8.900




Alps Delta Waterfowl  
Deluxe taska  
kr. 12.990



Alps Legend Layout Max-5 felubyrgi  
kr. 49.900

**Vesturröst**



EIGUM MARGA  
LITI Á LAGER

## ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR  
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á  
mt.is og í s: 580 4500



## Kartöflubylting

Ég fór í fjöruferð  
og fékk algjört sjökk.  
Þar sá ég slípirokk,  
sælgætisbréf og smökk.  
Landið ég vernda verð!  
Við mér lausn blasti:  
skerum úr plasti  
í snarhasti.

1000 Ára Sveitahöpp  
í Þykkvabænum ann  
umhverfinu og kann  
að kynna kost annan.  
Við styðjum ekki sorp.  
Stefna okkar er brýn:  
fjaran skal vera fín  
og Frónið skín.

Kartöflur bragðast best  
sem bætur vinna á  
vistkerfanna vá  
og veröld betri þrá.  
Svo kaupu gæðagæst,  
þig gullaugað blikkar  
og matseldin ykkar  
ei klikkar.



**HÁKOT, ÞYKKVABÆ,**  
**851 HELLA.**  
**SÍMI: 859 6197**  
**HALLO@1000ARASVEITATHORP.IS**

# ÁSDÍS RÁN GINNNT Í GILDRU

## „Ég er blásaklaus“ ■ Skráð á Tinder og mikið fjaðrafok

Óprúttinn einstaklingur hefur þóst vera ísdrottningin Ásdís Rán Gunnarsdóttir á stefnumótasíttinu Tinder. Segir ísdrottningin þetta hafa valdið töluverðu fjaðrafoki hjá henni á dögnum og streymdu til hennar hver skilaboðin á fætur öðrum. „Ég er blásaklaus og kannast ekkert við þetta,“ sagði Ásdís í tilkynningu á samfélagsmiðlum sínum.

Þegar DV hafði samband við Ásdísi var hún í miðjum jólaundirbúningi og vildi lítið tjá sig frekar um málið. Hún viðurkennir þó að þeim dæmum fjölgi þar sem einstaklingar taki ljósmyndir og persónuupplýsingar af samfélagsmiðlum annarra, ekki síst opinberra persóna, og geri svo falska reikninga í þeirra nafni. Þetta hefur verið sérlega vinsælt á miðlum eins og Facebook, Instagram, Snapchat og Tinder.

Þetta hefur einkum aukist hér á landi. Á meðan slík dæmi brots á friðhelgi fólks færast í aukana eru þó enn engin ákvæði sem gera auðkennisþjófnað refsiverðan hér á landi. Á meðal einstaklinga sem hafa lent í sambærilegum auðkennisþjófnaði eru Rúrik Gíslason, Sunneva Einarsdóttir, Björgvin Páll Gústavsson og Bubbi Morthens.



morthensbubbi2

22 posts 72 followers

Bubbi Morthens.

### Engin hjálp frá lögreglu

Bubbi hefur að eign sögn reynt í tvö ár að leita réttar síns vegna falsreiknings í hans nafni á Instagram. Á umræddum aðgangi þóttist einstaklingur nokkur vera tónlistarmaðurinn og átti að hafa sent konum og stúlkum kynferðisleg skilaboð.

Bubbi segir að tvímælalaust þurfi að binda þetta í lög og gera athæfið refsivert, en hann reyndi að láta loka reikningnum sem varð þá virkur aftur strax daginn eftir. Bubbi segist hafa leitað til lögreglu, tölvusér-

fræðinga og lögfræðinga en enginn virðist geta hjálpað honum hvað þetta varðar.

Snemma árs 2018 kom upp sambærilegt mál hjá knattspyrnumanninum Rúrik Gíslasyni. Rúrik sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hann tók skýrt fram að hann kæmi hvergi nálægt þeim Tinder-aðgangi sem hefði verið stofnaður í hans nafni. Rúrik sagðist hafa kært athæfið enda væri um að ræða brot á friðhelgi einkalífs hans. „Vegna alvarleika brotanna fól ég lögmanni mínum þegar í stað að leggja fram kæru hjá lögreglu og hef-ur það verið gert,“ stóð í yfirlýsingu Rúriks.



### „Umh, þetta er ekki ég – Þú sjáir það“



Áhrifavaldurinn Sunneva Einarsdóttir leiðrétti misskilning fyrir á árinu þar sem óprúttinn einstaklingur sagði hana vera lesbísku. Á stefnumótasíttinu HER var birt mynd af henni á fölskum aðgangi þar sem Sunneva var sögð heita Anna, en HER er einmitt stefnumótasítt fyrir hinsegin konur.

Sunneva segir í sögu sinni að það sé leikur einn að sjá að um svik sé að ræða þar sem Anna er sögð vera 165 sentímetra há. Það er Sunneva ekki, heldur gott betur og er yfir 170 sentímetrunum.

Um leið og upp komst um þessa dularfullu Önnu biðlaði áhrifavaldurinn til aðdáenda sinna að tilkynna þessi svik til forsvarsmanna HER. Það virtist hafa virkað og í kjölfarið á því var Anna öll.

# GERÐU HÚSGÖGNIN „NÝ” Á UMHVERFISVÆNAN HÁTT

BORÐSTOFUSTÓLAR - HÆGINDASTÓLAR - DÝRAHÚSGÖGN - SÓFARÚM  
- GARDÍNUR - LEÐURHÚSGÖGN - SESSUR - GARÐHÚSGÖGN - TEPPI



**Hreinsun húsgagna** er umhverfisvænn kostur og styður við minnkandi sóun. Umhverfismál eru í brennidepli og við bjóðum við upp á frábæra lausn inn í þá umræðu. Við hreinsum húsgögnin þín og afhendum þér vöruna eins og nýja. Frábær leið til að endurnýta húsgögn og gefa þeim lengri líftíma

FYRIR

EFTIR



# YFIRHEYRSLAN

**Hjörtur Sævar Steinason** úr Leikhópnum X hefur verið sérlega áberandi í haust. Bæði leikur hann lykilhlutverk í sjónvarpsþáttunum Góðir landsmenn og vakti mikla lukku í hlutverki samnefndrar, samkynhneigðrar vampíru í kvikmyndinni Þorsta. Hjörtur fer á stjá í yfirheyrslu DV þar sem hann rifjar meðal annars upp hvernig tilfinningin er að synda með hákörllum, hvað það var sem drap leiklistaráhugann tímabundið og bestu ráð sem hann hefur fengið í tengslum við samfélagsmiðla.

Tómas Valgeirsson  
tomas@dv.is



## Hvaðan kemur áhuginn á leiklist?

Það hefur alltaf blundað í mér leiklist. En ég var ekki nógu sterkur persónuleiki. Því í kringum 18–20 ára aldurinn var ég með einhverja tilburði í þessa átt og kunningjarnir spurðu mig: „Ertu einhver hommi eða hvað?“ Þetta gjörsamlega drap þessar pælingar hjá mér. Svo var það 2009 sem ég tók þátt í Fangavaktinni að áhuginn kviknaði aftur. Og þetta var svo skemmtilegt að það varð bara að verða eitthvað meira. Eins og þegar maður ánetjast sem svo breytist í frygð sem erfitt er að fróa. Og svo með Leikhópnum X sem finna má á Facebook. Að skrælast með þeim er bara gaman.

## Hver var fyrsta vinnan þín?

Þegar ég var 10–15 var ég í blaðburði og lausasölu á blöðum, en þegar ég var 15 ára fékk ég vinnu hjá BP niðri í porti á Laugarnesi

## Hvar líður þér best?

Mér líður alls staðar best. Þegar ég geng til rjúpna, fer á gæs eða er með stöng í hönd. Er að jeppast, á vélsleða, leiklistast, vera að fjórhjólást, mótörhjólið eða hvers lags ævintýri. Allt er best.

## Hvað óttastu mest?

Ég veit í rauninni ekki hvað það er, en ég er reyndar ánægður að búa á Íslandi þar sem ekki eru tarantúlur eða eittraðar slöngur.

## Hvert er mesta afrek þitt?

Kannski þegar ég var einu sinni á hestamannamóti eða á Arnarvatnsheiði, gerðist líka þar, og við vorum í biðröð að grillinu. Það var verið að grilla pylsur og borgara þegar allt í einu stendur eldsúlan út úr slöngunni frá gaskútnum. Það sem gerðist er að allir viðstaddir hlupu frá. Nema ég labbaði að kútnum og strákurinn minn kallaði: „Pabbi, hvað ertu að gera?“ Þá skrúfaði ég bara fyrir gaskútinn og eldurinn dó og allir klöppuðu.

## Hver er frægasti einstaklingurinn í símaskránni þinni?

Sennilegast er það Megas. Þótt ég sé með fleiri. Þá er ég svo mikill aðdáandi Megasar.

## Besta ráð sem þú hefur fengið?

Ekki fara fullur á Facebook.

## Hvert er leiðinlegasta húsverkið?

Er það til? Þetta er bara vinna eins og svo margt sem maður er ekkert að pæla í, bara gerir hlutina. Reyndar að þurrka af er frekar leiðinlegt.

## Hver er fyrirmynd þín í lífinu?

Ég get ekki sagt það upphátt en mamma og konan mín vega þungt.

## Besta bíómynd allra tíma?

Mér datt í hug að segja Þorsti en er sennilega of hlutdrægur. En hvað það var skemmtilegt að leika vampíru og drepa mann og annan. Svo þá segi ég bara Gladiator af mörgum.

## Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér?

Ég er nú bara þannig gerður að það fer ekkert í taugarnar á mér. Öllu er tekið með jafnaðargeði.

## Hverjir eru mannkostir þínir?

Ef ég sé fólk vera að bogra yfir bíluðum bíl eða eitthvað er að einhvers staðar, þá athuga ég hvort ég geti lagt því lið. Ég má ekkert aumt sjá. Konan mín er oft að vitna í þegar við vorum rétt við Hljóðakletta. Þá komum við að bíluðum bíl. Það skipti engum togum ég skellti mér undir bílinn beint í moldina í hvítri skyrtu með bindi.

## En lestir?


Afbrýðisemi stundum og sjálfsgagnrýni og þó ekki. Ég þykist oft vera kærulaus sem ég er alls ekki. Sem hefur stundum reynst illa því þá hef ég uppskorið vantraust.

## Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir?

Finna á lyktinni þegar þær eru í látum.

## Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið?

Veit ekki. Kannski þegar ég var á Bahama og fór að kafa. Komu þá, og voru syndandi allt um kring hákarlar. Mér stóð ekki alveg á sama.



Ég er 25 ára kona sem  
vill kynnaðst manni á  
svipuðum aldri. Er  
með blæti fyrir falletgri  
hönnun og útiveru.  
Trúnaður í fyrir rúmi  
og stóla á að það  
sé gagnkvæmt.

nánar

á [einkamál.is](https://einkamál.is)

## Fjölgar í fjölskyldunni

Fyrirsætan og leik- og söngkonan Halla Koppel, sem Íslendingar þekkja eflaust betur undir föðurnafninu Vilhjálmstöttir, á von á sínu þriðja barni með eigmanni sínum, Harry Koppel. Halla og Harry eiga von á stúlku í þetta sinn en fyrir eiga þau Louisu, fædda í september 2015, og Harry Þór, fæddan í júní árið 2017.

Fjölskyldan er búsett á Englandi en Halla og Harry

gengu í það heilaga árið 2014. Harry er kólumbískur en alinn að miklu leyti upp í Bretlandi og er því bæði ensku- og spænskumælandi. Börnin eru því fullfær í ýmsum tungumálum en Halla passar að tala ávallt íslensku við þau. Halla nýtur sín í móðurhlutverkinu eins og skein í gegn í viðtali við Vísi árið 2017. Í því viðtali sagðist hún taka uppeldishlutverkið alvarlega.

„Ég vil bara að þau séu sterk, góð og fyndin.



Þau eru bæði mjög viljasterk og kraftmikil svo það er mikilvægt að stýra því í rétta átt, en ég vil kenna þeim að vera sjálföruggir og skemmtilegir einstaklingar sem láta gott af sér leiða. Það skiptir mig máli að vera sterk kvenfyrirmynd og sýna þeim að mamma og pabbi séu að mörgu leyti sama hlutverkið, við fylgjum bæði okkar draumum, erum bæði fyrirvinna og önnumst börnin eins jafnt og færi gefst á," sagði Halla. ■



## Komin á fast

Klæðskerinn og kjóla-meistarinn Selma Ragnarsdóttir er búin að skrá sig í samband á Facebook með bakaranum og tónlistarmanninum Jóni Birni Ríkharðssyni. Selma er vel þekkt í sínu fagi og hefur meðal annars töfrað fram glæsilega búninga fyrir Pál Óskar. Jón, sem er betur þekktur sem Jónbi, er bakari hjá Brauð og co og lemur húðir í Brain Police.



## Smiðspokki

Sjónvarpsstjórnunni Bergsteini Sigurðssyni er margt til lista lagt. Hann var valinn einn af kynþokkafyllsta sjónvarpsfólkinu árið 2017 og ekki minnkar kynþokkinn við nýjasta ævintýri Bergsteins. Landsmenn þekkja hann sem umsjónarmann Menningarinnar á RÚV en nú hefur hann lokið fyrstu önninni í húsasmíði í kvöldskóla Fjölbautaskólans í Breiðholti. Bergsteinn birtir afkrastur annarinnar á Facebook, forlata tröppu sem er nánast óaðfinnanleg.



## Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims



Epal / Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is

